

# ÁKÆRA

Saksóknari við embætti sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008  
*gjörir kunnugt:*

Að höfða ber sakamál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur á hendur

Sigurjóni Þorvaldi Árnasyni, kt. 240766-3109, Granaskjólí 28, Reykjavík,  
Ívari Guðjónssyni, kt. 280768-4489, Krossakri 4, Garðabæ,  
Júlíusi Steinari Heiðarssyni, kt. 220474-4969, Fannafold 223a, Reykjavík,  
Sigríði Elínu Sigfúsdóttur, kt. 240855-2679, Útverkum, Skeiða- og Gnúpverjahreppi,  
Sindra Sveinssyni, kt. 110878-5169, Kópavogsbraut 108, Kópavogi og  
Steinþóri Gunnarssyni, kt. 220866-4409, Bollagörðum 14, Seltjarnarnesi,

fyrir eftirtalin brot gegn lögum um verðbréfiðskipti og almennum hegningarlögum:

## I

Á hendur ákærðu Sigurjóni sem bankastjóra Landsbanka Íslands hf., kt. 540291-2259, Austurstræti 11, Reykjavík, (hér eftir Landsbankinn), Ívari sem forstöðumanni eigin fjárfestinga Landsbankans og Júlíusi og Sindra sem starfsmönnum eigin fjárfestinga Landsbankans, fyrir markaðsmisnotkun í sameiningu í störfum sínum fyrir bankann í tilboðum og viðskiptum fyrir eigin reikning Landsbankans með hlutabréf útgefin af bankanum sjálfum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í viðskiptakerfi Kauphallar Íslands hf. (NASDAQ OMX Iceland hf., hér eftir Kauphöllin) á tímabilinu frá og með 1. nóvember 2007 til og með 3. október 2008, samtals 228 viðskiptadaga, sem tryggðu óeðlilegt verð og bjuggu til verð á hlutabréfunum og gáfu eða voru líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfanna ranglega og misvísandi til kynna.

Markaðsmisnotkunin var framkvæmd af ákærðu Júlíusi og Sindra að undirlagi ákærðu Sigurjóns og Ívars. Ákærðu Júlíus og Sindri, sem önnuðust fjárfestingar fyrir bankann sjálfan, lögðu fram, fyrir hönd Landsbankans, í upphafi hvers viðskiptadags á tímabilinu, röð stórra kauptilboða með litlu innbyrðis verðbili í hlutabréf í Landsbankanum í tilboðabók Kauphallarinnar. Þegar framboð á hlutabréfum í Landsbankanum í tilboðabók Kauphallarinnar varð meira en eftirspurn annarra markaðsaðila en Landsbankans mættu ákærðu Júlíus og Sindri að jafnaði auknu framboði með því að bæta við nýjum kauptilboðum jafnharðan og fyrri tilboðum þeirra var tekið og komu þannig ýmist í veg fyrir eða hægðu á verðlækkun hlutabréfanna. Þá hækkaði að jafnaði hlutfall kaupa þeirra á hlutabréfunum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum við lok viðskiptadags, þ.e. við lok samfellda viðskiptatímabilsins og í lokunaruppboðum í Kauphöllinni, og höfðu ákærðu þannig áhrif á dagslokaverð hlutabréfanna.

Kaup eigin fjárfestinga Landsbankans á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á áðurgreindu tímabili voru umfangsmikil og kerfisbundin, enda voru þau verulegur hluti af heildarveltu með hlutabréf í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu. Eigin fjárfestingar Landsbankans keyptu 2.325.395.153 hluti af þeim 4.801.255.966 hlutum í Landsbankanum sem viðskipti voru með í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu,

eða 48,4% af heildarveltunni, en seldu aðeins 57.213.029 hluti, eða 1,2% af heildarveltunni. Kaup umfram sölu námu því samtals 47,2% af heildarveltunni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum með hlutabréf í Landsbankanum, samtals 2.268.182.124 hlutum eða 56.240.113.876 krónum að markaðsvirði. Þar af voru kaup umfram sölu í opunaruppboðum 46% af heildarveltunni með hlutabréf í Landsbankanum í opunaruppboðum og kaup umfram sölu í lokunaruppboðum 63% af heildarveltunni í lokunaruppboðum. Nafnverð kautilboða eigin fjárfestinga Landsbankans í hlutabréf í Landsbankanum nam á fyrrgreindu tímabili 43% af heildarnafnverði kautilboða í hlutabréfin en nafnverð sölutilboða eigin fjárfestinga Landsbankans í hlutabréf í Landsbankanum aðeins um 3% af heildarnafnverði sölutilboða í hlutabréfin. Samtals námu kaup eigin fjárfestinga Landsbankans á hlutabréfum í bankanum umfram sölu á tímabilinu um 20% af öllu útgefnu hlutafé hans.

Með þessum umfangsmiklu kautilboðum og kaupum, en óverulegu magni sölutilboða og sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum, komu ákærðu ýmist í veg fyrir eða hægðu á lækkun á verði hlutabréfa í Landsbankanum og mynduðu þannig gólf í verðmyndun á hlutabréfunum. Um var að ræða ólögmeitt inngríp í gangverk markaðarins sem hafði áhrif á markaðsgengi hlutabréfa í Landsbankanum, tryggði óeðlilegt verð á hlutabréfunum á tímabilinu, bjó til verð á hlutabréfunum og gaf eða var líklegt til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfanna ranglega og misvísandi til kynna. Með háttsemi sinni röskuðu ákærðu þeim forsendum og lögmálum sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði með því að auka seljanleika hlutabréfa í Landsbankanum með ólögmeitum hætti.

Framangreindum viðskiptum og tilboðum eigin fjárfestinga Landsbankans með hlutabréf í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu er lýst í eftirfarandi töflu (neikvæð gildi merkja nettó sölu eða sölu umfram kaup, eigin fjárfestingar Landsbankans er skammstafað EFL):

Tímabil	Nettó viðskipti EFL (Fjöldi hluta)	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í opunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nafnverð kautilboða EFL sem hlutfall af heildarnafnverði kautilboða	Nafnverð sölutilboða EFL sem hlutfall af heildarnafnverði sölutilboða
Nóv. 2007	67.705.455	15%	-8%	30%	20%	9%
Des. 2007	67.214.212	33%	40%	59%	37%	13%
Jan. 2008	195.885.014	39%	48%	50%	36%	4%
Feb. 2008	171.587.476	44%	40%	78%	39%	3%
Mar. 2008	154.885.306	42%	25%	51%	38%	2%
Apríl 2008	57.700.747	19%	28%	39%	22%	5%
Mái 2008	137.995.707	43%	0%	69%	35%	1%
Júní 2008	241.609.648	57%	73%	85%	47%	0%
Júlí 2008	125.348.530	50%	61%	59%	50%	2%
Ágúst 2008	64.867.026	48%	67%	53%	58%	1%
Sept. 2008	569.989.300	61%	46%	77%	56%	0%
Okt. 2008	413.393.703	79%	94%	82%	73%	0%
<b>Alls</b>	<b>2.268.182.124</b>	<b>47%</b>	<b>46%</b>	<b>63%</b>	<b>43%</b>	<b>3%</b>

Viðskiptum og tilboðum ákærða Júlíusar (JSH í töflu) fyrir hönd eigin fjárfestinga Landsbankans í hlutabréf í Landsbankanum á framangreindu tímabili er lýst í eftirfarandi töflu:

Tímabil	Nettó viðskipti JSH (fjöldi hluta)	Nettó viðskipti JSH sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti JSH í opnunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti JSH í lokunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nafnverð kauptilboða JSH sem hlutfall af heildarnafnverði kauptilboða	Nafnverð sölutilboða JSH sem hlutfall af heildarnafnverði sölutilboða
Nóv. 2007	53.648.100	12%	-26%	30%	15%	5%
Des. 2007	27.159.365	13%	22%	30%	17%	5%
Jan. 2008	114.829.808	23%	15%	30%	21%	2%
Feb. 2008	129.555.064	33%	13%	30%	28%	2%
Mar. 2008	146.713.003	40%	35%	47%	34%	1%
Apríl 2008	34.195.247	11%	9%	8%	14%	4%
Mái 2008	81.641.688	25%	0%	55%	20%	0%
Júní 2008	171.382.690	40%	50%	59%	32%	0%
Júlí 2008	63.390.689	25%	32%	14%	29%	0%
Ágúst 2008	29.096.239	22%	0%	12%	22%	0%
Sept. 2008	470.701.384	50%	25%	61%	42%	0%
Okt. 2008	374.490.902	72%	94%	82%	65%	0%
<b>Alls</b>	<b>1.696.804.179</b>	<b>35%</b>	<b>26%</b>	<b>43%</b>	<b>30%</b>	<b>1%</b>

Viðskiptum og tilboðum ákærða Sindra (SS í töflu) fyrir hönd eigin fjárfestinga Landsbankans í hlutabréf í Landsbankanum á framangreindu tímabili er lýst í eftirfarandi töflu:

Tímabil	Nettó viðskipti SS (fjöldi hluta)	Nettó viðskipti SS sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti SS í opnunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti SS í lokunaruppboðum sem hlutfall af heildarveltu	Nafnverð kauptilboða SS sem hlutfall af heildarnafnverði kauptilboða	Nafnverð sölutilboða SS sem hlutfall af heildarnafnverði sölutilboða
Nóv. 2007	14.057.355	3%	18%	0%	5%	4%
Des. 2007	40.054.847	20%	18%	29%	21%	8%
Jan. 2008	81.055.206	16%	33%	20%	15%	3%
Feb. 2008	42.032.412	11%	26%	49%	10%	2%
Mar. 2008	8.172.303	2%	-10%	4%	4%	1%
Apríl 2008	23.505.500	8%	19%	31%	7%	1%
Mái 2008	56.354.019	17%	0%	14%	15%	0%
Júní 2008	70.226.958	16%	23%	26%	15%	0%
Júlí 2008	31.362.653	13%	0%	27%	14%	1%
Ágúst 2008	32.925.986	25%	67%	41%	33%	1%
Sept. 2008	99.287.916	11%	21%	16%	14%	0%
Okt. 2008	38.902.801	7%	0%	0%	8%	0%
<b>Alls</b>	<b>537.937.956</b>	<b>11%</b>	<b>19%</b>	<b>19%</b>	<b>13%</b>	<b>1%</b>

Viðskiptum eigin fjárfestinga Landsbankans með hlutabréf í Landsbankanum í sjálfvirkum þörunarviðskiptum ásamt sundurliðun viðskipta ákærðu Júlíusar og Sindra fyrir hvern viðskiptadag á því tímabili sem ákært er fyrir, er lýst í eftirfarandi töflu:

Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagsloka gengi
1.11.2007	29.277.097	1.500.000	755.000	0	755.000	3%	0%	43,4
2.11.2007	6.109.472	0	0	0	0	0%	-	43
5.11.2007	35.864.375	3.070.000	0	2.570.000	2.570.000	7%	0%	42,6
6.11.2007	19.659.301	4.054	0	-995.946	-995.946	-5%	-	42
7.11.2007	43.056.554	5.000.000	2.000.000	3.000.000	5.000.000	12%	0%	40,8
8.11.2007	24.556.951	2.185.000	1.260.000	185.000	1.445.000	6%	0%	40,6
9.11.2007	20.652.254	4.225.000	412.500	1.000.000	1.412.500	7%	-	40
12.11.2007	13.273.903	5.500.000	1.000.000	3.000.000	4.000.000	30%	-	40
13.11.2007	19.958.877	3.730.000	2.230.000	0	2.230.000	11%	100%	39,6
14.11.2007	15.224.833	0	-500000	0	-500.000	-3%	0%	40
15.11.2007	13.722.992	2.517.500	2.517.500	0	2.517.500	18%	0%	39,5
16.11.2007	20.524.639	3.572.500	3.072.500	-487.500	2.585.000	13%	0%	39
19.11.2007	14.134.376	7.000.000	6.500.000	500.000	7.000.000	50%	0%	38
20.11.2007	51.152.837	8.890.000	5.890.000	1.500.000	7.390.000	14%	-	37,9
21.11.2007	15.724.279	6.000.000	4.500.000	1.500.000	6.000.000	38%	100%	36,6
22.11.2007	30.088.837	8.500.000	5.000.000	3.500.000	8.500.000	28%	0%	36,3
23.11.2007	25.429.819	19.538.100	19.538.100	0	19.538.100	77%	89%	36,6
26.11.2007	14.857.031	0	-1000000	0	-1.000.000	-7%	0%	37,1
27.11.2007	7.782.571	3.225.000	3.197.500	-800.000	2.397.500	31%	-100%	36,4
28.11.2007	15.142.255	1.687.500	-222.500	-136.699	-359.199	-2%	-100%	37
29.11.2007	9.996.655	1.232.500	-990.000	-277.500	-1.267.500	-13%	9%	37,2
30.11.2007	8.337.139	500.000	-1.512.500	0	-1.512.500	-18%	100%	37,6
3.12.2007	5.717.287	1.000.000	1.000.000	0	1.000.000	17%	0%	37,2
4.12.2007	17.243.427	2.500.000	0	2.500.000	2.500.000	14%	-	36,1
5.12.2007	31.621.869	6.527.380	5.527.380	1.000.000	6.527.380	21%	0%	35,9
6.12.2007	14.074.882	3.520.782	-494.218	1.500.000	1.005.782	7%	50%	35,4
7.12.2007	13.720.561	4.083.700	3.083.700	500.000	3.583.700	26%	-	35,7
10.12.2007	5.853.002	500.000	500.000	0	500.000	9%	-	35,8
11.12.2007	10.512.007	2.525.000	-1.180.000	0	-1.180.000	-11%	100%	36,8
12.12.2007	11.155.431	1.287.500	287.500	500.000	787.500	7%	-	37
13.12.2007	9.217.984	500.000	0	0	0	0%	0%	37
14.12.2007	13.195.195	1.429.258	0	1.429.258	1.429.258	11%	-	36,9
17.12.2007	5.932.371	3.833.163	0	3.833.163	3.833.163	65%	-	36,2
18.12.2007	12.590.189	7.719.166	2.552.500	5.166.666	7.719.166	61%	71%	36,3
19.12.2007	15.154.259	11.537.400	3.100.000	8.437.400	11.537.400	76%	-	35,6
20.12.2007	12.150.160	9.655.000	8.655.000	1.000.000	9.655.000	79%	100%	35,5
21.12.2007	5.607.657	2.772.503	2.012.503	760.000	2.772.503	49%	-	35,7
27.12.2007	3.309.039	2.115.000	2.115.000	0	2.115.000	64%	76%	35,4
28.12.2007	16.877.613	13.523.360	0	13.428.360	13.428.360	80%	100%	35,5
3.1.2008	15.390.345	11.505.000	11.505.000	0	11.505.000	75%	100%	34,9
4.1.2008	18.586.694	8.702.500	5.700.000	3.002.500	8.702.500	47%	100%	33,7
7.1.2008	23.202.354	7.460.250	2.000.000	5.460.250	7.460.250	32%	0%	32,5
8.1.2008	12.474.092	8.802.081	2.984.689	5.817.392	8.802.081	71%	50%	32,3

Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagstoka gengi
9.1.2008	59.444.514	40.900.907	20.835.907	20.065.000	40.900.907	69%	100%	31,6
10.1.2008	34.617.412	14.490.000	11.000.000	1.990.000	12.990.000	38%	100%	32,1
11.1.2008	12.987.062	8.139.108	7.639.108	0	7.639.108	59%	100%	32,2
14.1.2008	7.617.467	5.425.500	5.425.500	0	5.425.500	71%	-	32
15.1.2008	15.380.596	6.697.500	5.697.500	500.000	6.197.500	40%	-	31,8
16.1.2008	18.881.979	8.935.691	8.435.691	500.000	8.935.691	47%	46%	31,6
17.1.2008	4.338.365	0	-500000	0	-500.000	-12%	-	31,9
18.1.2008	3.374.861	1.492.500	1.492.500	0	1.492.500	44%	-	32,2
21.1.2008	19.352.071	8.650.000	5.150.000	3.500.000	8.650.000	45%	100%	31,2
22.1.2008	42.134.957	10.241.435	0	9.741.435	9.741.435	23%	0%	31,1
23.1.2008	35.924.005	17.351.589	0	17.351.589	17.351.589	48%	100%	30
24.1.2008	19.795.432	2.560.000	1.060.000	1.500.000	2.560.000	13%	100%	30,7
25.1.2008	41.781.339	9.535.391	9.535.391	0	9.535.391	23%	22%	31,9
28.1.2008	20.465.063	2.005.000	2.005.000	0	2.005.000	10%	0%	31,5
29.1.2008	14.121.360	4.754.500	1.779.500	2.475.000	4.254.500	30%	0%	31,9
30.1.2008	54.189.741	17.194.862	9.172.822	6.022.040	15.194.862	28%	100%	31,4
31.1.2008	23.468.702	9.541.200	3.911.200	3.130.000	7.041.200	30%	-	30,8
1.2.2008	15.033.383	8.654.500	5.954.500	2.690.000	8.644.500	58%	100%	30,8
4.2.2008	5.619.491	2.960.555	1.120.000	1.840.555	2.960.555	53%	100%	30,6
5.2.2008	16.245.747	8.222.500	7.222.500	1.000.000	8.222.500	51%	19%	29,9
6.2.2008	36.117.079	18.221.450	15.721.450	2.500.000	18.221.450	50%	-	29
7.2.2008	26.219.392	5.000.000	5.000.000	0	5.000.000	19%	0%	28,8
8.2.2008	27.211.598	13.559.250	8.2.2008	27.211.598	13.559.250	50%	100%	28,5
11.2.2008	29.546.673	20.481.017	19.809.257	671.760	20.481.017	69%	0%	27,5
12.2.2008	34.007.427	11.864.643	11.860.419	4.224	11.864.643	35%	0%	28,4
13.2.2008	22.989.685	717.500	0	717.500	717.500	3%	100%	28,8
14.2.2008	8.135.354	1.310.000	0	1.310.000	1.310.000	16%	0%	28,7
15.2.2008	17.508.010	6.472.427	0	6.472.427	6.472.427	37%	100%	28,8
18.2.2008	6.752.151	520.484	0	-479.516	-479.516	-7%	-	29,2
19.2.2008	10.187.145	5.004.600	0	5.004.600	5.004.600	49%	100%	28,6
20.2.2008	26.060.334	18.425.484	18.425.484	0	18.425.484	71%	100%	28,3
21.2.2008	10.250.511	8.233.969	7.816.969	417.000	8.233.969	80%	100%	28,1
22.2.2008	14.469.217	9.051.321	9.051.321	0	9.051.321	63%	-	28
25.2.2008	8.020.659	1.522.689	0	1.522.689	1.522.689	19%	-	28,2
26.2.2008	9.792.107	4.810.000	4.200.000	610.000	4.810.000	49%	-	28,2
27.2.2008	11.966.598	5.128.800	2.528.800	2.600.000	5.128.800	43%	0%	27,6
28.2.2008	37.194.973	17.204.364	8.314.364	8.890.000	17.204.364	46%	100%	26,9
29.2.2008	15.853.112	5.231.923	0	5.231.923	5.231.923	33%	76%	26,8
3.3.2008	23.316.451	16.871.642	14.389.670	2.481.972	16.871.642	72%	100%	26,4
4.3.2008	20.862.050	10.095.000	9.855.000	-760.000	9.095.000	44%	100%	26,2
5.3.2008	18.745.093	10.507.500	7.007.500	2.500.000	9.507.500	51%	100%	26,5
6.3.2008	8.669.313	5.585.000	4.632.500	0	4.632.500	53%	0%	26,6
7.3.2008	32.452.244	18.946.500	18.946.500	0	18.946.500	58%	-	27,4
10.3.2008	10.913.583	5.842.026	5.659.526	182.500	5.842.026	54%	100%	27,4

Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagstoka gengi
11.3.2008	10.245.102	1.102.500	650.000	452.500	1.102.500	11%	-	28
12.3.2008	12.151.188	7.736.485	7.236.485	500.000	7.736.485	64%	100%	28,5
13.3.2008	12.246.813	8.102.500	8.102.500	0	8.102.500	66%	100%	28,2
14.3.2008	17.733.057	8.530.000	7.985.000	545.000	8.530.000	48%	63%	28,3
17.3.2008	20.760.514	11.801.500	10.801.500	1.000.000	11.801.500	57%	-	27,1
18.3.2008	16.784.442	5.850.000	5.850.000	0	5.850.000	35%	-	27
19.3.2008	53.722.677	16.072.831	15.802.500	270.331	16.072.831	30%	0%	27,5
25.3.2008	21.140.757	546.779	546.779	0	546.779	3%	0%	28,9
26.3.2008	16.282.892	10.316.100	9.816.100	500.000	10.316.100	63%	100%	29,4
27.3.2008	35.226.500	7.595.000	7.095.000	500.000	7.595.000	22%	79%	29,7
28.3.2008	27.350.359	11.177.500	10.177.500	0	10.177.500	37%	100%	29,4
31.3.2008	6.692.363	2.158.943	2.158.943	0	2.158.943	32%	0%	29,6
1.4.2008	22.163.922	7.132.500	7.017.500	115.000	7.132.500	32%	100%	29,5
2.4.2008	22.557.394	4.891.360	386.360	0	386.360	2%	-	30,2
3.4.2008	24.644.163	2.332.500	1.332.500	0	1.332.500	5%	0%	30,4
4.4.2008	7.752.791	1.195.000	195.000	1.000.000	1.195.000	15%	0%	30,2
7.4.2008	13.720.781	5.738.000	0	5.238.000	5.238.000	38%	0%	30,6
8.4.2008	21.952.815	4.300.000	3.300.000	1.000.000	4.300.000	20%	0%	31
9.4.2008	24.881.275	8.842.500	6.700.000	1.642.500	8.342.500	34%	-	31,2
10.4.2008	23.897.808	7.720.000	6.000.000	1.720.000	7.720.000	32%	-	30,8
11.4.2008	19.481.824	7.188.181	7.188.181	0	7.188.181	37%	-	30,4
14.4.2008	4.607.599	1.235.794	235.794	1.000.000	1.235.794	27%	0%	29,8
15.4.2008	7.944.936	2.500.000	1.000.000	1.500.000	2.500.000	31%	100%	29,8
16.4.2008	15.870.745	1.157.412	657.412	-1000000	-342.588	-2%	0%	30,5
17.4.2008	15.831.453	3.172.500	1.000.000	2.172.500	3.172.500	20%	0%	30,9
18.4.2008	9.661.683	17.500	-3000000	17.500	-2.982.500	-31%	0%	31,3
21.4.2008	3.247.114	1.000.000	0	1.000.000	1.000.000	31%	0%	31,1
22.4.2008	6.322.329	2.197.500	2.182.500	15.000	2.197.500	35%	100%	30,6
23.4.2008	17.277.575	0	0	0	0	0%	0%	30,8
25.4.2008	10.565.777	1.585.000	0	1.085.000	1.085.000	10%	83%	31
28.4.2008	3.897.434	0	0	0	0	0%	0%	31
29.4.2008	12.476.290	4.500.000	0	4.500.000	4.500.000	36%	60%	30
30.4.2008	13.316.408	2.500.000	0	2.500.000	2.500.000	19%	83%	29,9
2.5.2008	5.651.047	3.525.000	0	3.525.000	3.525.000	62%	-	29,7
5.5.2008	13.576.192	4.769.113	0	4.769.113	4.769.113	35%	-	28,6
6.5.2008	24.827.761	3.492.190	0	3.492.190	3.492.190	14%	3%	27,8
7.5.2008	26.087.139	8.492.500	307.500	7.185.000	7.492.500	29%	98%	27,9
8.5.2008	11.057.402	8.003.979	3.008.000	4.995.979	8.003.979	72%	-	27,6
9.5.2008	16.333.591	8.889.603	2.612.500	6.277.103	8.889.603	54%	-	27,4
13.5.2008	19.848.933	6.522.500	6.522.500	0	6.522.500	33%	100%	27,1
14.5.2008	11.428.042	5.333.345	3.000.000	2.333.345	5.333.345	47%	0%	26,6
15.5.2008	30.437.420	16.771.500	10.771.500	6.000.000	16.771.500	55%	100%	25,9
16.5.2008	35.453.153	13.972.203	13.972.203	0	13.972.203	39%	-	26
19.5.2008	6.056.660	40.000	0	40.000	40.000	1%	0%	26,1

Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagstoka gengi
20.5.2008	17.844.541	11.885.000	11.885.000	0	11.885.000	67%	0%	26
21.5.2008	24.245.706	4.500.000	1.000.000	3.500.000	4.500.000	19%	0%	26,1
22.5.2008	5.123.674	125.000	120.000	5.000	125.000	2%	100%	26
23.5.2008	11.330.161	7.130.850	7.130.850	0	7.130.850	63%	100%	25,7
26.5.2008	13.866.722	5.228.789	1.997.500	3.231.289	5.228.789	38%	-	25,5
27.5.2008	6.281.918	2.000.000	2.000.000	0	2.000.000	32%	0%	25,7
28.5.2008	13.314.584	6.000.000	6.000.000	0	6.000.000	45%	-	25,6
29.5.2008	8.019.541	6.910.785	3.910.785	3.000.000	6.910.785	86%	-	25,5
30.5.2008	22.059.068	15.403.350	7.403.350	8.000.000	15.403.350	70%	100%	25,2
2.6.2008	32.149.167	19.529.711	18.529.711	1.000.000	19.529.711	61%	-	24,9
3.6.2008	33.544.008	19.460.426	19.460.426	0	19.460.426	58%	100%	24,7
4.6.2008	28.453.521	18.328.016	15.321.911	3.006.105	18.328.016	64%	0%	24,7
5.6.2008	14.238.503	4.089.069	4.000.000	89.069	4.089.069	29%	-	24,8
6.6.2008	9.635.383	5.992.869	3.916.157	2.076.712	5.992.869	62%	70%	24,6
9.6.2008	8.202.362	3.000.000	0	3.000.000	3.000.000	37%	-	24,2
10.6.2008	27.308.776	19.494.778	13.617.391	5.877.387	19.494.778	71%	100%	23,6
11.6.2008	40.788.498	27.535.323	20.535.323	7.000.000	27.535.323	68%	100%	23,2
12.6.2008	75.834.506	44.533.271	38.533.271	6.000.000	44.533.271	59%	100%	22,8
13.6.2008	18.834.571	7.289.071	6.009.868	1.279.203	7.289.071	39%	0%	22,9
16.6.2008	11.883.450	4.897.511	0	4.897.511	4.897.511	41%	8%	23,5
18.6.2008	14.240.344	7.409.853	6.393.908	1.015.945	7.409.853	52%	0%	23,5
19.6.2008	10.924.966	6.273.386	6.273.386	0	6.273.386	57%	100%	23,1
20.6.2008	8.573.084	6.097.159	0	6.097.159	6.097.159	71%	0%	23,1
23.6.2008	7.484.055	2.000.000	1.000.000	1.000.000	2.000.000	27%		23,1
24.6.2008	9.312.593	2.032.294	2.032.294	0	2.032.294	22%	100%	23
25.6.2008	13.785.809	7.248.344	7.248.344	0	7.248.344	53%		23,3
26.6.2008	11.921.214	7.289.128	1.000.000	6.289.128	7.289.128	61%		23,3
27.6.2008	18.525.810	11.100.057	7.510.700	3.589.357	11.100.057	60%	100%	23,4
30.6.2008	30.460.382	18.009.382	0	18.009.382	18.009.382	59%	100%	23,1
1.7.2008	27.499.851	11.922.404	11.922.404	0	11.922.404	43%	0%	22,9
2.7.2008	8.639.266	4.045.819	4.045.819	0	4.045.819	47%	-	22,9
3.7.2008	17.503.674	11.257.388	11.257.388	0	11.257.388	64%	-	22,8
4.7.2008	3.187.561	1.154.147	1.154.147	0	1.154.147	36%	-	22,9
7.7.2008	13.550.513	3.026.512	3.026.512	0	3.026.512	22%	-	23,3
8.7.2008	13.311.735	6.619.918	6.619.918	0	6.619.918	50%	98%	23
9.7.2008	6.031.475	2.676.475	2.676.475	0	2.676.475	44%	100%	23,2
10.7.2008	6.670.849	2.301.643	2.301.643	0	2.301.643	35%	-	23,1
11.7.2008	15.621.550	12.825.954	7.332.073	0	12.825.954	82%	-	22,8
14.7.2008	4.233.396	2.548.410	0	0	2.548.410	60%	100%	22,8
15.7.2008	32.582.897	22.552.897	0	0	22.552.897	69%	100%	22,6
16.7.2008	15.492.063	5.300.000	5.300.000	0	5.300.000	34%	-	22,7
17.7.2008	11.704.519	4.000.000	4.000.000	0	4.000.000	34%	0%	23
18.7.2008	11.064.036	2.406.849	2.406.849	0	2.406.849	22%	0%	23,1
21.7.2008	3.365.213	1.347.461	1.347.461	0	1.347.461	40%	-	23,1

Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagsloka gengi
22.7.2008	6.003.861	1.000.000	0	1.000.000	1.000.000	17%	0%	22,8
23.7.2008	4.824.589	664.662	0	664.662	664.662	14%	76%	23
24.7.2008	1.173.661	622.389	0	622.389	622.389	53%	50%	23
25.7.2008	4.321.080	2.099.405	0	2.099.405	2.099.405	49%	0%	22,8
28.7.2008	13.795.284	6.474.661	0	6.474.661	6.474.661	47%	0%	22,4
29.7.2008	14.853.942	10.200.000	0	10.200.000	10.200.000	69%	0%	22,9
30.7.2008	11.325.478	8.091.902	0	8.091.902	8.091.902	71%	92%	22,7
31.7.2008	3.222.666	2.209.634	0	2.209.634	2.209.634	69%	100%	22,8
1.8.2008	10.189.000	2.000.000	0	2.000.000	2.000.000	20%	-	23,1
5.8.2008	2.601.066	193.034	0	193.034	193.034	7%	100%	23,1
6.8.2008	5.368.982	82.622	0	82.622	82.622	2%	0%	23,1
7.8.2008	18.301.323	12.083.591	0	12.083.591	12.083.591	66%	100%	23
8.8.2008	2.584.004	1.017.403	0	1.017.403	1.017.403	39%	-	23,2
11.8.2008	4.109.562	3.149.282	0	3.149.282	3.149.282	77%	0%	23,1
12.8.2008	4.831.770	1.786.938	0	0	1.786.938	37%	-	23,6
13.8.2008	8.292.497	1.057.863	0	0	1.057.863	13%	0%	23,2
14.8.2008	5.784.487	3.570.057	3.570.057	0	3.570.057	62%	0%	23,2
15.8.2008	8.740.494	4.943.837	4.943.837	0	4.943.837	57%	50%	23,9
18.8.2008	8.079.461	5.029.528	1.475.400	3.554.128	5.029.528	62%	100%	24,4
19.8.2008	6.540.467	2.085.154	2.085.154	0	2.085.154	32%	-	24,1
20.8.2008	9.486.432	5.823.280	5.623.280	200.000	5.823.280	61%	100%	23,9
21.8.2008	11.158.363	5.778.008	0	5.519.178	5.519.178	49%	-	23,7
22.8.2008	4.570.070	3.510.070	3.010.070	500.000	3.510.070	77%	100%	24
25.8.2008	3.008.065	1.342.073	0	1.342.073	1.342.073	45%	58%	23,9
26.8.2008	5.392.932	3.600.000	1.600.000	2.000.000	3.600.000	67%	-	23,9
27.8.2008	9.799.665	5.145.486	3.860.811	1.284.675	5.145.486	53%	100%	24
28.8.2008	1.479.320	403.717	403.717	0	403.717	27%	-	24
29.8.2008	3.684.683	2.523.913	2.523.913	0	2.523.913	68%	0%	24
1.9.2008	4.888.169	3.080.688	2.000.000	1.080.688	3.080.688	63%	-	23,9
2.9.2008	6.103.061	3.157.159	1.115.000	2.042.159	3.157.159	52%	100%	24
3.9.2008	4.866.100	3.233.562	3.000.000	233.562	3.233.562	66%	-	23,7
4.9.2008	23.562.260	19.531.426	19.531.426	0	19.531.426	83%	-	23,5
5.9.2008	27.996.758	16.354.355	9.000.000	6.354.355	15.354.355	55%	100%	23
8.9.2008	25.284.193	12.000.000	8.000.000	4.000.000	12.000.000	47%	50%	23,1
9.9.2008	30.505.489	14.325.567	3.325.567	11.000.000	14.325.567	47%	100%	22,3
10.9.2008	44.782.172	16.719.565	11.600.000	5.119.565	16.719.565	37%	64%	21,9
11.9.2008	28.084.836	13.000.484	8.000.000	5.000.484	13.000.484	46%	100%	21,7
12.9.2008	57.314.234	45.193.778	45.193.778	0	45.193.778	79%	50%	22,1
15.9.2008	45.469.200	21.707.998	3.000.000	18.707.998	21.707.998	48%	94%	21,8
16.9.2008	41.236.962	20.384.839	15.284.839	5.100.000	20.384.839	49%	0%	21,6
17.9.2008	40.543.912	26.549.687	22.547.580	4.002.107	26.549.687	65%	96%	21,2
18.9.2008	40.468.590	10.861.504	8.758.750	2.102.754	10.861.504	27%	43%	21,7
19.9.2008	70.242.120	36.387.108	32.368.940	4.018.168	36.387.108	52%	93%	22,7
22.9.2008	21.780.007	5.813.592	5.659.417	-845.825	4.813.592	22%	0%	23,1



Dagsetning	Heildarvelta	Kaup EFL	Nettó viðskipti Júlíusar	Nettó viðskipti Síndra	Nettó viðskipti EFL	Nettó viðskipti EFL sem hlutfall af heildarveltu	Nettó viðskipti EFL í lokunar uppboðum	Dagsloka gengi
23.9.2008	24.030.774	10.729.350	10.729.350	0	10.729.350	45%	92%	22,8
24.9.2008	15.498.822	5.078.234	3.000.000	2.078.234	5.078.234	33%	-	23
25.9.2008	18.111.931	9.017.334	8.842.280	175.054	9.017.334	50%	100%	23,4
26.9.2008	15.700.720	7.197.346	7.197.346	0	7.197.346	46%	0%	23,1
29.9.2008	194.737.388	165.031.863	141.913.250	23.118.613	165.031.863	85%	100%	21,5
30.9.2008	153.290.193	106.633.861	100.633.861	6.000.000	106.633.861	70%	86%	20,4
1.10.2008	97.861.092	76.740.325	63.369.646	13.370.679	76.740.325	78%	75%	20
2.10.2008	261.975.553	220.534.697	203.063.198	17.471.499	220.534.697	84%	89%	19,1
3.10.2008	161.458.820	117.118.681	108.058.058	8.060.623	116.118.681	72%	0%	19,9

Hin miklu kaup eigin fjárfestinga Landsbankans á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum umfram sölu leiddu til þess að hlutabréfin söfnuðust upp hjá bankanum. Vegna lögbundinna takmarkana á eignarhaldi fjármálafyrirtækja á eigin hlutabréfum, reglna um flöggunarskyldu og neikvæðra áhrifa á eiginfjárhlutfall Landsbankans þurfti að losa Landsbankann við hlutabréfin til þess að unnt væri að halda áfram umfangsmiklum kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Það var meðal annars gert með sölu á þeim í stórum utanþingsviðskiptum, fyrir tilstilli verðbréfamiðlunar Landsbankans, en ákært er fyrir þrenn slík hlutabréfaviðskipti í köflum II-IV.

## II a

Á hendur ákærðu Sigurjóni sem bankastjóra og Sigríði Elínu sem framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans, báðum meðlimum í lánanefnd bankans, fyrir umboðssvik með því að hafa 30. september 2008, í störfum sínum fyrir Landsbankann, misnotað aðstöðu sína og stefnt fé bankans í verulega hættu, með því að fara út fyrir heimildir til lánveitinga er þau í sameiningu veittu Imon ehf., kt. 590106-2670, 5.163.000.000 króna lán til að fjármagna að fullu kaup félagsins á 250.000.000 hluta í Landsbankanum, án fullnægjandi trygginga fyrir endurgreiðslu lánsins, þar sem ekki voru fyrir hendi aðrar tryggingar en veð í hinum keyptu hlutabréfum og allsherjarveð í stofnfjárhlutum félagsins í Byr sparisjóði en Imon ehf. hafði þegar fullnýtt veðrými stofnfjárhlutanna við aðrar lántökur. Lánveitingin braut í bága við ákvæði útlánareglna Landsbankans frá árinu 2008 um hámarksveðsetningarhlutfall hlutabréfa. Auk þess var útlánareglum bankans hvorki fylgt við mat á greiðslugetu né eignastöðu Imon ehf., en félagið hafði verið í vanskilum hjá Landsbankanum frá 30. júlí 2008 og var veitt 170.121.000 króna yfirdráttarlán hjá bankanum til að standa skil á greiðslu dráttarvaxta af eldri lánnum félagsins sama dag og fyrrgreind lánveiting var afgreidd. Við lánveitinguna var einnig brotið gegn ákvæðum útlánareglna bankans um undirskriftir og samráð við báða bankastjóra og ákvæðum útlána- og áhættureglna bankaráðs Landsbanka Íslands hf. frá 2005 um útlánaáhættu bankans. Auk þess var vanrækt að bera lánveitinguna undir bankaráð Landsbankans í samræmi við starfsreglur þess, sem skylt var í ljósi hárrar lánsfjárhæðar og óvenjulegra lánskjara.

Í samræmi við ákvörðun ákærðu var lánsfjárhæðin að frádregnu lántökugjaldi, 5.150.079.000 krónur, lögð inn á bankareikning Imon ehf. nr. 0101-26-022670 í sex greiðslum 3. október 2008. Í kjölfarið var andvirði lánsins varið til að gera upp kaup Imon ehf. á 250.000.000 hluta í

Landsbankanum. Lánsfjárhæðin hefur síðan verið í vanskilum og telja verður hana Landsbankanum að fullu glataða.

## II b

Á hendur ákærðu Sigurjóni sem bankastjóra og Sigríði Elínu sem framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs Landsbankans, fyrir markaðsmisnotkun við sölu Landsbankans á 250.000.000 hluta í Landsbankanum, sem voru í eigu bankans, til Imon ehf., kt. 590106-2670, 30. september 2008 fyrir 20,6 krónur á hvern hlut. Með viðskiptunum og tilkynningu þeirra sem utanþingsviðskipta til Kauphallarinnar 1. október 2008 var ranglega látið líta svo út að fjárfestir hefði lagt fé til kaupa á rúmlega 2,23% útgefins hlutafjár í Landsbankanum og borið af þeim fulla markaðsáhættu. Markaðsáhætta af hlutabréfunum færðist hins vegar ekki frá Landsbankanum til Imon ehf. þar sem Landsbankinn fjármagnaði að fullu kaupin með lánveitingu til Imon ehf., en lánið var aðeins tryggt með veði í hinu selda hlutafé og allsherjarveði í stofnfjárhlutum félagsins í Byr sparisjóði en Imon ehf. hafði þegar fullnýtt veðrymi stofnfjárhlutanna við aðrar lántökur hjá bankanum. Þar sem fjárfestar voru ekki upplýstir um skilmála þessara umfangsmiklu viðskipta voru þau til þess fallin að gefa ranga og misvísandi mynd af eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum eða voru líkleg til að gera það og fólu auk þess í sér blekkingu og sýndarmennsku.

Ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín veittu Imon ehf. lánið í þeim tilgangi að fjármagna að fullu kaup á hlutabréfunum þrátt fyrir vitneskju sína um að hin seldu hlutabréf kæmu frá eigin fjárfestingum Landsbankans. Auk þess var þeim kunnugt um að staða Imon ehf. væri bágborin og þær tryggingar sem félagið lagði fram í tengslum við lánveitinguna ófullnægjandi, sbr. umfjöllun í kafla II a í ákæru. Viðskiptin voru afar umfangsmikil, enda um að ræða stærstu viðskipti með hlutabréf í Landsbankanum á árinu 2008.

## III

Á hendur ákærðu Sigurjóni sem bankastjóra og Steinþóri sem forstöðumanni verðbréfamiðlunar Landsbankans, fyrir markaðsmisnotkun við sölu Landsbankans á 200.000.000 hluta í Landsbankanum, sem voru í eigu bankans, til Imon ehf., kt. 590106-2670, 3. október 2008 fyrir 19,11 krónur á hvern hlut. Viðskiptin gáfu eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna, eða voru líkleg til að gera það, og fólu í sér blekkingu og sýndarmennsku, en með viðskiptunum og tilkynningu þeirra sem utanþingsviðskipta til Kauphallarinnar sama dag var ranglega látið líta svo út að fjárfestir hefði lagt fé til kaupa á tæplega 1,79% hlut í Landsbankanum og borið fulla markaðsáhættu af viðskiptunum þrátt fyrir að ekki hefði verið gengið frá fjármögnun hlutabréfakaupanna. Í tengslum við viðskiptin voru útbúin drög að samningi um 3.831.600.000 króna lán Landsbankans til Imon ehf. Drögin voru óundirrituð og því óskuldbindandi, auk þess sem lánveitingin hafði hvorki verið afgreidd á fundi lánanefndar Landsbankans né samþykkt utan funda nefndarinnar af þar til bærum starfsmönnum bankans, eins og lánareglur hans áskildu.

Ákærði Sigurjón tók ákvörðun um viðskiptin af hálfu Landsbankans og ákærði Steinþór tilkynnti þau til Kauphallarinnar þrátt fyrir vitneskju hans um að hin seldu hlutabréf kæmu frá eigin fjárfestingum Landsbankans og án þess að gengið hefði verið frá fjármögnun viðskiptanna. Uppgjörsgdagur viðskiptanna var fyrirhugaður 8. október 2008. Viðskiptin voru afar

umfangsmikil enda um að ræða þriðju stærstu viðskipti með hlutabréf í Landsbankanum á árinu 2008.

#### IV

Á hendur ákærðu Sigurjóni sem bankastjóra og Steinþóri sem forstöðumanni verðbréfamiðlunar Landsbankans fyrir markaðsmisnotkun við sölu Landsbankans á 199.000.000 hluta í Landsbankanum, sem voru í eigu bankans, til Azalea Resources Ltd., félagi með takmarkaðri ábyrgð skráðu á Bresku Jómfrúareyjunum, 3. október 2008 fyrir 19 krónur á hvern hlut. Viðskiptin gáfu eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna, eða voru líkleg til að gera það, og fólu í sér blekkingu og sýndarmennsku, þar sem staðið var þannig að viðskiptunum og tilkynningu þeirra sem utanþingsviðskipta til Kauphallarinnar sama dag að ranglega var látið líta svo út að fjárfestir hefði lagt fé til kaupa á tæplega 1,78% hlut í Landsbankanum og borið fulla markaðsáhættu af viðskiptunum, þrátt fyrir að ekki hefði verið gengið frá fjármögnun hlutabréfakaupanna. Í tengslum við viðskiptin var útbúinn samningur um 4.000.000.000 króna lán Landsbankans til Azalea Resources Ltd. Samningurinn var undirritaður 3. október 2008 af Ari Salmivuori, fyrirsvarsmanni Azalea Resources Ltd., en var að öðru leyti óundirritaður. Samningurinn var því óskuldbindandi, auk þess sem lánveitingin hafði hvorki verið afgreidd á fundi lánanefndar Landsbankans né samþykkt utan funda nefndarinnar af þar til bærum starfsmönnum bankans, eins og lánareglur hans áskildu.

Ákærði Sigurjón tók ákvörðun um viðskiptin af hálfu Landsbankans. Ákærði Steinþór tilkynnti viðskiptin þrátt fyrir vitneskju hans um að hin seldu hlutabréf kæmu frá eigin fjárfestingum Landsbankans og að til stæði að Landsbankinn fjármagnaði kaupin að fullu en án þess að staðfesting lægi fyrir um fjármögnunina. Uppgjörsgdagur viðskiptanna var fyrirhugaður 8. október 2008. Viðskiptin voru afar umfangsmikil, enda um að ræða fjórðu stærstu viðskipti með hlutabréf í Landsbankanum á árinu 2008.

#### V

Brot ákærðu Sigurjóns, Ívars, Júlíusar og Sindra samkvæmt kafla I í ákæru varða við a- og b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölulið 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Brot ákærðu Sigurjóns og Sigríðar Elínar samkvæmt kafla II a í ákæru varða við 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Brot ákærðu Sigurjóns og Sigríðar Elínar samkvæmt kafla II b í ákæru varða við a-lið 1. töluliðar og 2. tölulið 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölulið 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Brot ákærðu Sigurjóns og Steinþórs samkvæmt köflum III og IV í ákæru varða við a-lið 1. töluliðar og 2. tölulið 1. mgr. 117. gr., sbr. 1. tölulið 146. gr. laga um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmd til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

**Röksemdir sem málsóknin er byggð á, sbr. d-lið 1. mgr. 152. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008.**

## **1. Lýsing á heildarháttseminni**

Brot ákærðu voru mjög umfangsmikil. Þau voru þaulskipulögð, stóðu um langan tíma og vörðuðu gríðarlega háar fjárhæðir. Landsbankinn var næststærsti útgefandi hlutabréfa sem skráð voru í Kauphöllinni á þeim tíma sem ákæran tekur til. Sú háttsemi sem ákærðu er gefin að sök í köflum I-IV í ákæru fól í sér langvarandi, stórfellda og ólögmeta íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins, þar sem hún leiddi til þess að verð hlutabréfa í Landsbankanum laut í raun ekki þeim markaðslögmálum sem lög um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 (hér eftir vvl.) áskilja. Verðmyndun hlutabréfanna var handstýrt af ákærðu Sigurjóni, Ívari, Júlíusi og Sindra og fjárfestar, kröfuhafar, stjórnvöld og samfélagið í heild blekkt.

Háttsemin sem ákærðu er gefin að sök í köflum II – IV í ákæru tengist þeirri markaðsmisnotkun sem lýst er í kafla I í ákæru. Ákærðu höfðu ríka hagsmuni af því að verð á hlutabréfum í Landsbankanum lækkaði ekki eða lækkaði sem allra minnst. Ákærðu Sigurjón, Ívar, Júlíus og Sindri komu ýmist í veg fyrir eða hægðu á lækkun á verði hlutabréfa í Landsbankanum og juku seljanleika þeirra með kerfisbundnum og stórfelldum uppkaupum á bréfunum í krafti fjárhagslegs styrks bankans um margra mánaða skeið. Til að koma þessu til leiðar lögðu ákærðu Júlíus og Sindri, að undirlagi ákærðu Sigurjóns og Ívars, í upphafi hvers viðskiptadags, fram röð stórra kauptilboða með litlu innbyrðis verðbili. Þá viðskiptadaga sem framboð hlutabréfa í Landsbankanum var af svo skornum skammti að jafnvægi var milli framboðs og eftirspurnar annarra en eigin fjárfestinga Landsbankans (hér eftir EFL) reyndi lítið eða jafnvel ekkert á þessi kauptilboð EFL og verðið hélst stöðugt. Þessa daga keypti EFL lítið af hlutabréfum í Landsbankanum eða nýtti jafnvel tækifærið til að selja bréf, í litlum mæli þó. Flesta viðskiptadaga var staðan hins vegar sú að framboð á hlutabréfum í Landsbankanum var langt umfram eftirspurn annarra en EFL þannig að seljendur tóku kauptilboðum EFL hverju á fætur öðru. Með því að hafa lítið verðbil milli kauptilboða EFL, tryggðu ákærðu að verðið lækkaði hægt. Suma dagana nægðu þau tilboð EFL sem lögð voru fram í upphafi viðskiptadags samkvæmt framangreindu til að stöðva verðlækkunina en þegar söluprýstingur var mikill var öllum kauptilboðum bankans tekið. Áður en kauptilboðin voru uppurin bættu ákærðu Júlíus og Sindri, að undirlagi ákærðu Sigurjóns og Ívars, fleiri kauptilboðum við til að hægja á verðlækkun hlutabréfanna. Suma viðskiptadagana gerðist þetta ítrekað. Ef söluprýstingur minnkaði verulega eða hvarf hækkaði EFL jafnvel kauptilboð sín.

Framangreind háttsemi sýnir að meginmarkmið ákærðu í viðskiptum og tilboðum með hlutabréf í Landsbankanum var að stuðla að því að verð hlutabréfanna héldist stöðugt eða lækkaði sem allra minnst en ekki að kaupa hlutabréfin á sem lægstu verði.

Um samfellda markaðsmisnotkun var að ræða á öllu tímabilinu þar sem háttsemi ákærðu miðaði allan tímunn að því að halda verði hlutabréfa í bankanum stöðugu eða draga úr verðlækkun með því að halda inni kauptilboðum og kaupa umframframboð af hlutabréfum í bankanum. Tilgangurinn var jafnframt sá að tryggja seljanleika hlutabréfa í Landsbankanum með mikilli og stöðugri eftirspurn eftir hlutabréfunum. Þar sem framboð á hlutabréfum var hins vegar

mismunandi frá degi til dags reyndi mismikið á þau kauptilboð sem mynduðu verðgólf og kauphlutfall EFL var því mismunandi frá degi til dags.

Nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á einstaka viðskiptadögum námu svo háu hlutfalli af heildarveltu hlutabréfanna viðkomandi daga að háttsemi ákærðu hvern einstakan dag er í eðli sínu sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot. Er þar sérstaklega vísað í töflu í ákæru yfir viðskipti EFL á einstaka viðskiptadögum og þá staðreynd að á þeim 228 viðskiptadögum sem voru á tímabilinu voru EFL nettó kaupendur í meira en 25% af heildarviðskiptum 165 daga, meira en 50% af heildarviðskiptum 82 daga og meira en 75% af heildarviðskiptum 14 daga.

Nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum í lokunaruppboðum í Kauphöllinni og rétt fyrir lokunaruppboð voru fjölmarga viðskiptadaga svo hátt hlutfall af heildarviðskiptum með hlutabréf í bankanum á tímabilinu að háttsemi ákærðu hvern þessara viðskiptadaga er í eðli sínu sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot.

Samtals námu kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum umfram sölu í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu um 20% af útgefnu hlutafé Landsbankans eða 2.268.182.124 hlutum af samtals 11.192.754.087 útgefnum hlutum.

Samkvæmt þágildandi ákvæði 1. mgr. 29. gr. laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 mátti fjármálafyrirtæki ekki án samþykkis Fjármálaeftirlitsins eiga eða taka að veði eigin hlutabréf sem nam hærri fjárhæð að nafnverði en 10% af nafnverði innborgaðs hlutafjár fyrirtækisins. Eignaðist fyrirtækið meira af hlutafénu, svo sem með kaupum eða fyrir annað framsal, skyldi það hafa selt hlutabréf þannig að lögmæltu marki væri náð innan þriggja mánaða. Brot gegn ákvæðinu varðaði stjórnvaldssektum, sbr. 8. tölulið 1. mgr. 110. gr. laganna. Ákvæði 1. mgr. 55. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 hafði að geyma samsvarandi reglu, en brot gegn ákvæðinu varðaði 2 ára fangelsisrefsingu, sbr. 2. tölulið 153. gr. sömu laga.

Samkvæmt sameiginlegum skýrslum útlánaeftirlits og áhættustýringar Landsbankans var bankinn yfir umræddum mörkum á tímabilinu frá 26. nóvember 2007 til 9. janúar 2008 og á tímabilinu frá 18. febrúar 2008 þar til rekstur bankans var tekinn yfir af Fjármálaeftirlitinu 7. október 2008. Þótt bankanum hafi ekki tekist að halda sig innan framangreindra marka var samþykkis Fjármálaeftirlitsins ekki leitað og umfangsmiklum kaupum á eigin hlutabréfum í Landsbankanum haldið áfram.

Þágildandi ákvæði 93. gr. laga um verðbréfiðskipti nr. 108/2007 hafði að geyma fyrirmæli um flöggunarskyldu, þ.e. um skyldu til að birta opinberlega hlutfall eigin hluta ef öflunin eða ráðstöfunin leiddi til þess að hlutfallið hækkaði yfir eða lækkaði niður fyrir 5% eða 10% atkvæðisréttar. Ákærðu Sigurjón og Ívar lögðu áherslu á að bankinn færi ekki yfir 5% flöggunarmörk þar sem þeir vildu ekki vekja athygli markaðarins á miklum kaupum bankans á eigin hlutabréfum.

Loks kom það sér illa fyrir Landsbankann að eiga mikið magn eigin hlutabréfa því að samkvæmt þágildandi ákvæði 4. og 5. mgr. 84. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, ber að draga frá eiginfjárbætti A, sem er hluti af eiginfjárgrunni fjármálafyrirtækis, bókfært virði eigin hlutabréfa.

Miklir hagsmunir voru því í húfi fyrir bankann að losna við eigin hlutabréf fyrir ársfjórðungsleg uppgjör.

Þar sem sala EFL á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í Kauphöllinni hefði stóraukið framboð þeirra og leitt til verðlækkunar gripu ákærðu Sigurjón, Ívar, Sigríður Elín og Steinþór til annarra ráða til að losna við eigin hlutabréf Landsbankans og er stærstu ráðstöfununum lýst hér á eftir. Sú háttsemi ákærðu sem lýst er í köflum II-IV í ákæru var hluti af framangreindum ráðstöfunum til að losa Landsbankann við eigin hlutabréf án þess að valda verðlækkun þeirra.

- a) Skipti Landsbankans og Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka hf. (hér eftir Straumur) á eigin hlutabréfum á tímabilinu frá 17. mars 2008 til 31. mars 2008. Nánar tiltekið seldi EFL 201.000.000 hluti í Landsbankanum til Straums fyrir 5.727.700.000 krónur og keypti 507.000.000 hluta í Straumi af Straumi fyrir 5.660.410.000 krónur í utanþingsviðskiptum. Ákærði Sigurjón gaf ákærða Ívari fyrirmæli um skiptin og Ívar fékk ákærða Júlíus til að framkvæma þau fyrir hönd Landsbankans.
- b) Lækkun hlutafjár Landsbankans um 300.000.000 hluta, sem samþykkt var á aðalfundi Landsbankans 23. apríl 2008. Á sama fundi var samþykkt að hækka hlutafé bankans um 300.000.000 hluta með útgáfu jöfnunarhlutabréfa til hluthafa bankans í formi aðgreiðslu. Ákærði Sigurjón átti frumkvæði að þessari ráðstöfun.
- c) Sala Landsbankans á 91.000.000 hluta í bankanum til Hunslow S.A. í utanþingsviðskiptum 12. september 2008. Hlutabréfakaupin voru að fullu fjármögnuð með lánveitingu dótturfélags Landsbankans, Landsbankanum í Lúxemborg, en Landsbankinn ábyrgðist endurgreiðslu lánsins.
- d) Skipti Landsbankans og Glitnis banka hf. (hér eftir Glitnir) á eigin hlutabréfum á tímabilinu 17. september 2008 til 30. september 2008. Nánar tiltekið seldi EFL 168.000.000 hluti í Landsbankanum til Glitnis fyrir 3.656.000.000 króna og keypti 462.000.000 hluti í Glitni af Glitni fyrir 3.667.750.000 krónur í utanþingsviðskiptum. Ákærði Sigurjón gaf ákærða Ívari fyrirmæli um skiptin og Ívar fékk ákærða Júlíus til að framkvæma þau fyrir hönd Landsbankans.
- e) Sala Landsbankans á 210.000.000 hluta í bankanum til Pro-Invest Partners Corp. í utanþingsviðskiptum 30. september 2008. Hlutabréfakaupin voru að fullu fjármögnuð með lánveitingu dótturfélags Landsbankans, Landsbankanum í Lúxemborg, en Landsbankinn ábyrgðist endurgreiðslu lánsins.
- f) Sala Landsbankans á 250.000.000 hluta í bankanum til Imon ehf. í utanþingsviðskiptum 30. september 2008, en viðskiptin voru að fullu fjármögnuð með láni frá bankanum sjálfum, sbr. kafla II a og II b í ákæru.
- g) Sala Landsbankans á 200.000.000 hluta í bankanum til Imon ehf. í utanþingsviðskiptum 3. október 2008, en fyrirhugað var að viðskiptin væru að fullu fjármögnuð með láni frá bankanum sjálfum, sbr. kafla III í ákæru.
- h) Sala Landsbankans á 199.000.000 hluta í bankanum til Azalea Resource Limited Ltd. 3. október 2008, en fyrirhugað var að viðskiptin væru að fullu fjármögnuð með láni frá bankanum sjálfum, sbr. kafla IV í ákæru.

Með framangreindum hætti losnaði Landsbankinn við 1.619.000.000 eigin hluta eða sem nam rúmlega 71% af þeim 2.268.182.124 hlutum sem EFL keypti nettó í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu. Þar af losaði bankinn sig við 1.319.000.000 hluta í utanþingsviðskiptum, en alls námu utanþingsviðskipti með hlutabréf í Landsbankanum 4.891.853.053 hlutum á tímabilinu. Í framangreindum utanþingsviðskiptum var viðskiptavinum Landsbankans í flestum tilvikum boðið að kaupa hlutabréf í Landsbankanum gegn fullri fjármögnun bankans og að jafnaði aðeins gerð krafa um veð í hinum seldu hlutabréfum til tryggingar endurgreiðslu lánsins. Markaðsáhætta kaupenda af kaupum á hlutabréfunum var því engin en þess í stað sat Landsbankinn uppi með hana.

Þessi utanþingsviðskipti fóru að jafnaði fram með fáum stórum sölum og höfðu lítil sem engin áhrif á verðmyndun hlutabréfa í Landsbankanum gagnstætt því sem hefði átt sér stað ef hlutabréfin hefðu verið seld í sjálfvirkum pörunarviðskiptum til óháðs þriðja aðila. Voru viðskiptin ýmist innan verðbils og höfðu þannig lítil áhrif á verðmyndun hlutabréfa í Landsbankanum eða utan verðbils og höfðu þá engin áhrif á verðmyndun hlutabréfa í bankanum. Þessi utanþingsviðskipti voru þannig bæði afleiðing stórfelldrar og kerfisbundinnar markaðsmisnotkunar ákærðu og forsenda þess að ákærðu gætu haldið henni áfram.

Til frekari staðfestingar á því að lögmæt viðskiptasjónarmið hafi ekki ráðið för í viðskiptum EFL með hlutabréf í Landsbankanum á tímabilinu er síðan sú staðreynd að verulegt uppsafnað tap varð af viðskiptunum eða nærri 3,5 milljarðar króna. Tapið var þó smávægilegt í samanburði við það útlánatap sem hlaut af sölu Landsbankans á hinu uppsafnaða hlutafé í utanþingsviðskiptum sem fjármögnuð voru að fullu með lánum frá bankanum en lánveiting sú sem ákært er fyrir í kafla II a í ákærinni er dæmi um slíka lánveitingu.

## **2. Markaðsmisnotkun - ólögmæt íhlutun í gangverk verðbréfamarkaðarins**

Verðmyndun verðbréfa sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði, eins og hlutabréf í Landsbankanum voru, ræðst af viðskiptum sem þar eiga sér stað eða eftir atvikum tilboðum sem þar eru sett fram. Þegar framboð á tilteknum verðbréfum er meira en eftirspurn lækkar verðið en ef eftirspurn er meiri en framboð hækkar verðið. Ef jafnvægi er milli framboðs og eftirspurnar stendur verðið hins vegar í stað. Á verðbréfamörkuðum er sérstök áhersla lögð á að sömu upplýsingar séu tiltækar öllum sem þar stunda viðskipti. Samkvæmt lögum um verðbréfavíðskipti nr. 108/2007 er útgefendum skylt að veita markaðnum upplýsingar sem geta haft áhrif á verð verðbréfanna og kunna að auðvelda fjárfestum að verðmeta verðbréfin. Jafnframt þurfa aðilar sem eiga í viðskiptum að veita upplýsingar um viðskipti sín á milli (upplýsingar að loknum viðskiptum). Ef um skipulegan verðbréfamarkað er að ræða, ber aðilum sem eiga viðskipti einnig að veita upplýsingar um tilboð sem lögð eru fram (upplýsingar fyrir viðskipti). Lögunum er ætlað að tryggja eðlilega og heilbrigða verðmyndun verðbréfa og að verð þeirra endurspegli raunverulegt framboð og eftirspurn á markaði. Mikilvægt er að unnt sé að treysta því að verðið sem verður til í viðskiptum með verðbréf sé sanngjarn mælikvarði á virði þeirra. Verðið má telja sanngjarnt ef það hefur orðið til í viðskiptum tveggja óháðra aðila með gagnstæða hagsmuni, seljanda sem vill fá sem hæst verð og kaupanda sem vill greiða sem lægst verð.

Markaðsmisnotkun felur í sér ólögmæta íhlutun í verðmyndun á verðbréfamarkaði sem hefur áhrif á gangverk markaðarins. Eitt af meginmarkmiðum reglna um markaðsmisnotkun er að auka

traust fjárfesta og almennings á fjármálamörkuðum með því að banna slíka íhlutun og tryggja sanngjarna og eðlilega verðmyndun, sbr. t.d. 12. gr. formála tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2003/6/EB um innherjasvik og markaðsmisnotkun (hér eftir markaðssvikatilskipunin). Skaðsemi markaðsmisnotkunar er almennt talin felast í því að rýra traust á verðbréfamarkaði og tiltrú almennings og fjárfesta á því að leikreglur hans séu virtar. Markaðsmisnotkun er jafnframt til þess fallin að hafa óeðlileg áhrif á ákvarðanir aðila á markaði um hvort þeir eigi að kaupa viðkomandi verðbréf, halda þeim eða selja og valda fjölmörgum aðilum miklu tjóni.

### **3. Sjálfvirk pörunarviðskipti og utanþingsviðskipti**

Kaflí I í ákæru snýr eingöngu að viðskiptum og tilboðum sem EFL framkvæmdu fyrir eigin reikning bankans. Þar af leiðandi tekur kaflinn ekki til viðskipta eða tilboða sem starfsmenn Landsbankans önnuðust fyrir hönd viðskiptavina bankans, t.d. í gegnum verðbréfamiðlun, einkabankaþjónustu eða fjárstýringu bankans. Í ákæru er gerður greinarmunur á viðskiptum Landsbankans annars vegar í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og hins vegar í utanþingsviðskiptum, sem eru einnig nefnd tilkynnt viðskipti. Með sjálfvirkum pörunarviðskiptum er átt við ferli í viðskiptakerfi Kauphallarinnar þar sem kaup- og sölutilboð eru pöruð sjálfkrafa saman þegar verð, magn og önnur skilyrði í tilteknu tilboði (t.d. kauptilboði) samsvara öðru tilboði (t.d. sölutilboði) sem áður hefur verið skráð í tilboðabók. Sjálfvirk pörunarviðskipti eiga sér stað með rafrænum hætti. Undir sjálfvirk pörunarviðskipti falla öll pörunarviðskipti sem eiga sér stað á daglegum viðskiptatíma. Viðskiptatími skiptist í þrennt. Fyrst er opnunaruppboð, síðan tekur við samfelldur viðskiptatími en daglegum viðskiptum lýkur með lokunaruppboði. Með utanþingsviðskiptum er átt við viðskipti sem stofnað er til utan viðskiptakerfis Kauphallarinnar sem í kjölfarið eru tilkynnt til Kauphallarinnar.

Öll viðskipti með verðbréf á skipulegum verðbréfamarkaði eru til þess fallin að hafa áhrif á verð viðkomandi verðbréfa. Sjálfvirk pörunarviðskipti eru helsti drifkraftur verðmyndunar á skipulegum verðbréfamarkaði. Þrátt fyrir að utanþingsviðskipti geti numið umtalsverðum fjárhæðum eru áhrif þeirra á verðmyndun í heild óveruleg og skammvinn í samanburði við sjálfvirk pörunarviðskipti og þá aðeins þegar viðskiptin eru innan verðbils, þ.e. á bilinu milli hæsta kauptilboðs og lægsta sölutilboðs þegar tilkynning um utanþingsviðskiptin berst Kauphöllinni.

### **4. Aðstaða ákærðu á tímabilinu frá 1. nóvember 2007 til 3. október 2008**

Ákærði Sigurjón Þorvaldur Árnason var á tímabilinu sem ákæran tekur til annar tveggja bankastjóra Landsbankans ásamt Halldóri Jóni Kristjánssyni. Samkvæmt skipuriti Landsbankans, sem tilkynnt hafði verið til Kauphallarinnar, fór Sigurjón fyrir verðbréfasviði bankans, en undir sviðið heyrðu meðal annars verðbréfamiðlun og EFL. Sigurjón var einnig meðlimur í fjármálanefnd Landsbankans og stýrði vikulegum fundum nefndarinnar. Fjármálanefndin hafði eftirlit með áhættuþáttum í rekstri bankans og allar stefnumarkandi ákvarðanir varðandi markaðsáhættu bankans voru teknar af nefndinni. Á fundum fjármálanefndar var meðal annars fjallað um stöðu Landsbankans í eigin bréfum.

Ákærði Ívar Guðjónsson var forstöðumaður EFL. Samkvæmt áhættureglum Landsbankans hafði EFL umsjón með veltubókarviðskiptum bankans með hlutabréf og sá um fjárfestingar í skráðum



og óskráðum bréfum. Samkvæmt 2. mgr. 5. gr. reglna um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja nr. 215/2007, er tilgangur veltubókarviðskipta með fjármálagerninga, þ.m.t. skráð og óskráð hlutabréf, að hagnast á skammtímabreytingum á markaðsvirði þeirra eða öðrum verð- eða vaxtabreytingum.

Ákærðu Júlíus Steinar Heiðarsson og Sindri Sveinsson voru starfsmenn EFL og meginhlutverk þeirra var að eiga viðskipti fyrir eigin reikning Landsbankans í innlendum hlutabréfum sem tekin hafa verið til viðskipta á skipulegum verðbréfamarkaði.

Ákærða Sigríður Elín Sigfúsdóttir var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans. Hún átti einnig sæti í lánaefnd og fjármálanefnd Landsbankans. Samkvæmt útlánareglum bankans hafði hún rúmar heimildir til lánveitinga og gegndi lykilhlutverki í stærri útlánaákvörðunum.

Ákærði Steinþór Gunnarsson var forstöðumaður verðbréfamiðlunar Landsbankans, sem sá um miðlun innlendra og erlendra verðbréfa fyrir viðskiptavinum bankans.

## **5. Fjárhagslegir hagsmunir ákærðu og Landsbankans af verði hlutabréfa í Landsbankanum**

Fjárhagslegir hagsmunir Landsbankans og ákærðu persónulega af verði hlutabréfa í bankanum voru verulegir.

Landsbankinn, sem útgefandi hlutabréfanna, hafði ríka hagsmuni af því að verð hlutabréfa í bankanum héldist sem hæst, þar sem hátt hlutabréfaverð var til þess fallið að hafa jákvæð áhrif á ímynd bankans gagnvart almenningi sem traustri og trúverðugri fjármálastofnun. Þá var hátt hlutabréfaverð einnig líklegt til að laða að nýja fjárfesta og viðskiptavinum og hafa jákvæð áhrif í samskiptum bankans við lánveitendur. Auk þess tók Landsbankinn í miklum mæli veð í eigin hlutabréfum sem tryggingu fyrir endurgreiðslu lána bankans til viðskiptavina. Lækkandi hlutabréfaverð var því til þess fallið að hafa neikvæð áhrif á gæði útlánasafns bankans og versnandi tryggingastaða útlána gat skapað aukna afskriftaþörf sem rýrt hefði afkomu bankans verulega og jafnframt haft mikil áhrif á eiginfjárlutfall bankans. Hagsmunir stærsta hluthafa Landsbankans, Samsonar eignarhaldsfélags ehf., og eigenda félagsins af hlutabréfaverði Landsbankans voru einnig verulegir þar sem meirihluti hlutabréfa Samsonar eignarhaldsfélags ehf. í Landsbankanum var veðsettur til tryggingar á endurgreiðslu skulda félagsins hjá innlendum og erlendum lánastofnunum.

Ákærðu Sigurjón, Ívar, Júlíus, Sigríður Elín og Steinþór höfðu verulega persónulega hagsmuni af því að verð hlutabréfa í Landsbankanum héldist sem hæst.

Frá því að ákærði Sigurjón hóf störf sem bankastjóri gerði hann kaupréttarsamninga við Landsbankann um samtals 140.000.000 hluta í Landsbankanum. Stærstur hluti kaupréttanna var óinnleystur við fall Landsbankans, en hluta af þeim var honum heimilt að innleysa 1. desember 2008. Landsbankinn gerði einnig kaupaukasamning við Sigurjón 21. september 2006. Samkvæmt samningnum var heildarréttur til kaupauka miðaður við ávöxtun Sigurjóns af 40.000.000 hluta í Landsbankanum miðað við upphafsverðið 26,5 krónur á hlut. Sigurjóni hefði verið heimilt að óska eftir að fá 60% af kaupauka sínum greidd með reiðufé frá bankanum 1.

desember 2009. Það sem eftir stóð hefði Sigurjón getað óskað eftir að fá greitt 1. desember 2010 og 2011. Sigurjón gerði samning við Landsbankann 1. október 2008 þar sem hann féll frá hluta umræddra kaupréttanna og kaupaukans gegn greiðslu. Frá 1. janúar 2008 var Sigurjón með 3.576.897 krónur í föst mánaðarlaun og bónusgreiðsla til hans vegna ársins 2007 nam 125.934.768 krónum.

Ákærði Ívar átti 1.549.705 hluti í Landsbankanum 1. september 2008. Ívar óskaði eftir heimild regluvarðar Landsbankans til að selja 1.000.000 hluta í Landsbankanum 3. október 2008 en þeirri beiðni var hafnað. Sama dag og Ívar sendi beiðnina keypti EFL nettó 72% af heildarveltu hlutabréfa í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum, eða fyrir samtals 116.118.681 krónu. Frá því að Ívar hóf störf hjá Landsbankanum gerði hann kaupréttarsamninga við Landsbankann um samtals 27.500.000 hluti í Landsbankanum. Stærstur hluti kaupréttanna var óinnleystur við fall Landsbankans, en hluta af þeim var honum heimilt að innleysa 1. desember 2008. Ívar nýtti hluta af kaupréttum sínum 23. mars 2007 og keypti 4.500.000 hluti í Landsbankanum á genginu 3,12. Ívar hagnaðist um 129.960.000 krónur við sölu á umræddum hlutum. Frá 1. nóvember 2007 var Ívar með 1.929.810 krónur í föst mánaðarlaun og bónusgreiðsla til hans vegna ársins 2007 nam 55.000.000 króna árið 2008.

Ákærði Júlíus átti 115.737 hluti í Landsbankanum 1. september 2008. Júlíus óskaði eftir heimild regluvarðar Landsbankans til að selja umrædda hluti 3. október 2008, en afturkallaði beiðni sína sama dag. Sama dag og Júlíus sendi beiðnina keypti EFL nettó 72% af heildarveltu hlutabréfa í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum eða fyrir samtals 116.118.681 krónu. Frá því að ákærði Júlíus hóf störf hjá Landsbankanum gerði hann kaupréttarsamninga við Landsbankann um samtals 2.000.000 hluta í Landsbankanum, en meiri hlutann af þeim var honum heimilt að innleysa 1. desember 2008. Frá 1. febrúar 2008 var Júlíus með 924.909 krónur í föst mánaðarlaun og bónusgreiðsla til hans vegna ársins 2007 nam 5.000.000 króna árið 2008.

Frá því að ákærði Steinþór hóf störf hjá Landsbankanum gerði hann kaupréttarsamninga við Landsbankann um samtals 27.500.000 hluta í Landsbankanum, en meiri hlutann af þeim var honum heimilt að innleysa 1. desember 2008. Steinþór nýtti hluta af kaupréttum sínum 23. mars 2007 og keypti 4.500.000 hluti í Landsbankanum á genginu 3,12. Steinþór hagnaðist um 129.960.000 krónur við sölu á umræddum hlutum. Landsbankinn gerði einnig þrjá kaupaukasamninga við Steinþór. Í fyrsta samningnum var viðmiðunargengið 4,12 krónur á hlut, eða dagslokagengið 23. apríl 2003. Samkvæmt samningnum var heildarréttur til kaupauka miðaður við ávöxtun Steinþórs af 5.000.000 hluta í Landsbankanum og Steinþóri var heimilt að óska eftir að fá 60% af kaupauka sínum greidd með reiðufé frá bankanum 1. desember 2006, 20% 1. desember 2007 og 20% 1. desember 2008. Í öðrum samningnum var viðmiðunargengi kaupaukans 7.0 krónur á hlut, eða dagslokagengið 11. febrúar 2004. Samkvæmt samningnum var heildarréttur til kaupauka miðaður við ávöxtun Steinþórs af 15.000.000 hluta í Landsbankanum og Steinþóri var heimilt að óska eftir að fá 60% af kaupauka sínum greidd með reiðufé frá bankanum 1. desember 2007. Í þriðja samningnum var viðmiðunargengið 14,25 á hlut, eða dagslokagengið 1. apríl 2005. Samkvæmt samningnum var heildarréttur til kaupauka miðaður við ávöxtun Steinþórs af 10.000.000 hluta í Landsbankanum og Steinþóri var heimilt að óska eftir að fá 60% af kaupauka sínum greidd með reiðufé frá bankanum 1. desember 2008, 20% 1. desember 2009 og 20% 1. desember 2010. Frá 1. janúar 2007 var Steinþór með 2.003.290 krónur

í föst mánaðarlaun og samkvæmt viðauka við ráðningarsamning hans gátu bónusgreiðslur orðið allt að 400% álag á mánaðarlaun hans frá og með 1. apríl 2007.

Frá því að ákærða Sigríður Elín hóf störf hjá Landsbankanum gerði hún kaupréttarsamninga við Landsbankann um samtals 70.000.000 hluta í Landsbankanum, en meiri hlutann af þeim var honum heimilt að innleysa 1. desember 2008. Frá 1. janúar 2008 voru föst mánaðarlaun Sigríðar Elínar 3.374.250 krónur og bónusgreiðsla vegna ársins 2007 nam 118.800.000 krónum.

Ákærði Sindri átti hvorki hlutabréf í Landsbankanum né kauprétti. Hann átti því fyrst og fremst óbeinna hagsmuna að gæta af gengi hlutabréfa í Landsbankanum. Frá 1. febrúar 2007 voru föst mánaðarlaun Sindra 553.664 krónur og bónusgreiðsla vegna ársins 2007 nam 1.500.000 krónum.

## **6. Röksemdir sem varða I. kafla ákæru**

Í I. kafla ákæru er ákærðu Sigurjóni, Ívari, Júlíusi og Sindra gefin að sök markaðsmisnotkun með því að hafa í sameiningu í störfum sínum fyrir Landsbankann ýmist komið í veg fyrir eða tafið fyrir lækun á verði hlutabréfa í Landsbankanum á tímabilinu með umfangsmiklum kauptilboðum og kaupum á hlutabréfunum fyrir eigin reikning bankans í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og myndað með því gólf í verðmyndun á hlutabréfum í bankanum.

Ákærði Sigurjón var ásamt Halldóri J. Kristjánssyni æðsti stjórnandi Landsbankans og bar samkvæmt verkaskiptingu þeirra á milli ábyrgð á verðbréfasviði Landsbankans. Sigurjón hafði bein afskipti af starfsemi EFL og gaf ákærða Ívari almenn fyrirmæli um þá háttsemi sem kafla I í ákæru lýtur að, þrátt fyrir að Yngvi Örn Kristinsson væri framkvæmdastjóri verðbréfasviðs Landsbankans og næsti yfirmaður ákærða Ívars samkvæmt skipuriti bankans. Ákærði Sigurjón hafði reglulegan aðgang að upplýsingum um háttsemina þar sem hann stýrði vikulegum fundum fjármálanefndar bankans og fékk auk þess daglega skýrslur þar sem staða bankans í eigin bréfum kom fram.

Ákærði Ívar var, sem forstöðumaður EFL, næsti yfirmaður ákærðu Júlíusar og Sindra og gaf þeim ýmist bein eða almenn fyrirmæli og hafði samráð við þá um að framkvæma þá háttsemi, sem lýst er í kafla I í ákæru, á grundvelli samráðs við ákærða Sigurjón og fyrirmæla frá honum. Ákærði Ívar var vel upplýstur um dagleg tilboð og viðskipti EFL með hlutabréf í Landsbankanum.

Ákærðu Júlíus og Sindri stóðu að langstærstum hluta þeirra viðskipta og tilboða fyrir hönd EFL sem kafla I í ákæru lýtur að, sbr. sundurliðun í ákæru.

### **6.1 Háttsemi ákærðu**

Eins og að framan greinir höfðu ákærðu í sameiningu, en með verkskiptum hætti, í frammí háttsemi sem fólst í því að mynda gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Landsbankanum og tryggja þannig óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum. Að auki voru tilboðin og viðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna.

### 6.1.1 Gólf í verðmyndun

Vísað er til svokallaðra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04-505b sem gefnar voru út af nefnd sem framkvæmdastjórn Evrópusambandsins setti á stofn, en nefndin bar enska heitið *The Committee of European Securities Regulators* (nefnist nú ESMA). Hlutverk nefndarinnar var meðal annars að samræma framkvæmd áðurgreindrar markaðssvikatilskipunar og gaf nefndin í þeim tilgangi út fyrrnefndar samræmandi leiðbeiningarreglur. Leiðbeiningarreglurnar hafa mikla þýðingu við mat á refsinefni háttsemin ákærðu, ekki síst í ljósi þess að ákvæði 117. gr. vvl. er byggt á 2. mgr. 1. gr. markaðssvikatilskipunarinnar. Í reglunum er meðal annars leitast við að skýra hvers kyns viðskipti og tilboð hafi þau áhrif að tryggja óeðlilegt verð á fjármálagerningi. Í d-lið ákvæðis 4.12, undir fyrirsögninni *tryggja verð* er að finna lýsingu á því hvað telst vera gólf í verðmyndun. Samkvæmt ákvæðinu er háttsemin líklegust að eiga sér stað af hálfu útgefanda fjármálagerninga eða þeirra sem stjórna þeim og felur í sér viðskipti eða tilboð sem eru framkvæmd með þeim hætti að settar eru upp hindranir til að hlutabréfaverðið fari ekki niður fyrir ákveðin mörk, aðallega til þess að komast hjá neikvæðum afleiðingum hvað varðar hlutafé þeirra eða láns hæfismat.

Gólf í verðmyndun getur falist í því að halda verði tiltekinna hlutabréfa yfir eða við ákveðin mörk með umfangsmiklum kaupum á hlutabréfunum. Jafnframt getur verðgólf falist í því að draga úr lækkun hlutabréfaverðs með umfangsmiklum kaupum jafnvel þótt hlutabréfaverðið lækki. Þannig myndar verðgólf ekki endilega lárétt og stöðugt verð á hlutabréfunum heldur kemur það í veg fyrir eða tefur fyrir lækkun á verði hlutabréfanna. Þessu til stuðnings er vísað til dóms Evrópudómstólsins frá 7. júlí 2011 í máli nr. C-445/09 (IMC Securities) þar sem dómstóllinn tók til skoðunar hvort orðalag síðari málsliðar a-liðar 2. mgr. 1. gr. markaðssvikatilskipunar, sem svarar til b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl., feli í sér kröfu um að verð fjármálagerninga, þ.m.t. hlutabréfa, þurfi að haldast stöðugt í ákveðinn tíma til að um brot gegn ákvæðinu geti verið að ræða. Samkvæmt dóminum telst það vera markaðsmisnotkun ef leitast er við að ná fram ákveðnu verði í andstöðu við það sem myndi annars hafa gerst á markaðnum og að hægt sé að tryggja óeðlilegt verð með viðskiptum og tilboðum endrum og sinnum, ef þessi viðskipti og tilboð eru hugsuð sem inngríp í verðmyndun.

Framangreint fær einnig stoð í athugasemdum sem fylgdu frumvarpi því sem síðar varð að lögum nr. 31/2005 um breytingu á þágildandi lögum um verðbréfavíðskipti nr. 33/2003. Með lögnum var nýrri grein, sem svarar til b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl., bætt við verðbréfavíðskiptalögum en í athugasemdum við greinina sagði að sú háttsemin sem nú er lýst í b-lið miði að því að „verð fjármálagerninga byggist á öðrum forsendum eða lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á skipulegum verðbréfamarkaði og gefur því aðra mynd af framboði, eftirspurn eða verði en þeirri sem felst í eðlilegri verðmyndun skipulegs verðbréfamarkaðar.“ Samkvæmt framansögðu getur verið um verðgólf að ræða þótt ekki takist að stöðva lækkun á verði hlutabréfa.

### 6.1.2 Hátt hlutfall tilboða og viðskipta

Í a-lið 8. gr. reglugerðar um innherjaupplýsingar og markaðssvik nr. 630/2005, segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða, í formi rangra eða misvísandi upplýsinga eða sem tryggir óeðlilegt verð, skuli meðal annars litið til þess hversu hátt hlutfall tilboða eða viðskipta eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings á viðkomandi skipulegum verðbréfamarkaði. Kemur það því til sérstakrar skoðunar.

Þegar framboð á hlutabréfum í Landsbankanum jókst umfram eftirspurn annarra en EFL, juku EFL að jafnaði kauptilboð og kaup á hlutabréfunum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum. Í öllum mánuðum á tímabilinu voru kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum mun meiri en sala. Samtals námu kaupin 48,4% af heildarveltunni en salan 1,2% af heildarveltunni og námu nettó kaup þannig 47,2% af heildarveltunni í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á öllu tímabilinu. Jafnframt var hlutfall kauptilboða EFL í hlutabréf í Landsbankanum stór hluti af heildarmagni kauptilboða, en á sama tímabili var hlutfall sölutilboða EFL í hlutabréfin af heildarmagni sölutilboða smávægilegt.

Þrátt fyrir mikil og vaxandi kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum lækkaði hlutabréfaverðið hratt frá byrjun nóvember 2007, þegar það var 43,4 krónur á hvern hlut, og fram í lok febrúar 2008 þegar það var komið niður fyrir 27 krónur. Með miklum hlutabréfakaupum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum næstu mánuði, sem náðu hámarki í júní 2008, þegar nettó kaup EFL námu suma dagana yfir 70% af heildarveltu með hlutabréf í Landsbankanum, tókst ákærðu í upphafi að hækka verðið aftur en síðan að halda því nokkuð stöðugu. Hinn 12. júní 2008 var hlutabréfaverðið þó komið niður í 22,8 krónur á hvern hlut þrátt fyrir mjög mikil kaup dagana á undan. Frá þeim tíma og fram undir lok september 2008 tókst ákærðu með miklum nettó kaupum, eða sem nam 57% af heildarveltu í júní, 50% af heildarveltu í júlí, 48% af heildarveltu í ágúst og 61% af heildarveltu í september, að halda verði hlutabréfa í Landsbankanum nokkuð stöðugu og var það 23,1 krónur á hvern hlut við lok viðskiptadags 26. september 2008 eða nánast það sama og þremur og hálfum mánuði áður. Fimm síðustu viðskiptadagana fyrir fall Landsbankans, frá 29. september til 3. október 2008, jókst framboð á hlutabréfum í Landsbankanum margfalt og kaup EFL að sama skapi. EFL voru nettó kaupandi að um 79% hlutabréfa í bankanum þessa daga. Nettó kaup EFL voru 85% 29. september 2008, daginn sem tilkynnt var um að ríkið yrði eigandi að 75% eignarhlut í Glitni. Þrátt fyrir gríðarlegt framboð hlutabréfa í Landsbankanum tókst ákærðu svo vel að verja gengi þeirra að verðið var enn um 20 krónur á hvern hlut þegar bankinn féll og hlutabréfin urðu einskis virði. Kostnaður Landsbankans af kaupum á eigin hlutabréfum þessa fimm daga var yfir 13 milljarðar króna.

Með langvarandi, umfangsmiklum og kerfisbundnum kauptilboðum og kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum mynduðu ákærðu gólf í verðmyndun með hlutabréf í Landsbankanum, eins og lýst er í fyrrnefndum leiðbeiningarreglum CESR. Með óhóflegum kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum gripu ákærðu inn í verðmyndun á hlutabréfunum og tryggðu þannig óeðlilegt verð á þeim, í skilningi b-liðar 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl., þ.e. annað verð en verið hefði á hlutabréfunum ef ákærðu hefðu ekki handstýrt verðinu. Verðmyndun hlutabréfanna byggðist þannig á öðrum forsendum og lögmálum en þeim sem liggja að baki eðlilegri verðmyndun á verðbréfamarkaði og var ólögmæt íhlutun ákærðu í gangverk markaðarins stórfelld á alla mælikvarða.

Eins og greinir í ákæru námu nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum 47,2% af heildarveltu með hlutabréf í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum á tímabilinu og þar með jafnframt 47,2 % af daglegri meðalveltu ef litið er til tímabilsins í heild. Á sama tímabili var nafnverð kauptilboða EFL í hlutabréf í Landsbankanum 43% af heildarnafnverði kauptilboða í hlutabréf í Landsbankanum en nafnverð sölutilboða EFL í hlutabréf í Landsbankanum nam aðeins 3% af heildarnafnverði sölutilboða í hlutabréf í Landsbankanum á tímabilinu.

Til marks um það hversu viðskiptahegðun EFL var óvenjuleg hvað varðar kaup þeirra á hlutabréfum í Landsbankanum og langt frá því að endurspegla viðskiptahegðun hjá þeim deildum innan hinna bankanna sem sinntu eigin viðskiptum þeirra má til samanburðar nefna að á sama tíma og nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum sem nam rúmlega 47,2 % af heildarveltu með þessi hlutabréf voru eigin viðskipti Glitnis og Kaupþings nettó seljendur að hlutabréfum í Landsbankanum og það þótt Kaupþing hafi frá 21. janúar 2008 verið viðskiptavaki í hlutabréfum í Landsbankanum og hefði það hlutverk að tryggja tiltekið framboð og eftirspurn eftir þeim hlutabréfum.

Það er einnig til marks um óvenjulega viðskiptahegðun EFL að viðskipti þeirra með hlutabréf í hinum stóru bönkunum voru með allt öðrum hætti en viðskipti þeirra með hlutabréf í Landsbankanum. Þannig var EFL nettó seljandi að hlutabréfum í Glitni og Kaupþingi og það þótt Landsbankinn hafi verið viðskiptavaki í hlutabréfum Kaupþings frá 21. janúar 2008.

Hvort sem litið er til tímabilsins í heild, einstakra mánaða eða einstakra viðskiptadaga voru kauptilboð og nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum óhóflega hátt hlutfall af heildartilboðum og heildarveltu, sérstaklega þar sem um var að ræða kaup útgefanda hlutabréfa á eigin hlutabréfum. Þykir umrætt ákvæði a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005 því styrkja heimfærslu háttseminnar undir a- og b-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl.

Til að varpa frekara ljósi á hversu óeðlilega hátt hlutfall nettó kaup EFL voru af heildarviðskiptum með hlutabréf í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum vísast til 5. gr. viðauka við reglugerð nr. 630/2005 þar sem fjallað er um skilyrði fyrir viðskiptum í endurkaupaáætlun. Í 4. mgr. greinarinnar kemur fram að það magn sem útgefanda er heimilt að kaupa á einum degi skuli ekki vera meira en sem nemur 25% af meðaltali daglegra viðskipta með viðkomandi hlutabréf á skipulegum verðbréfamarkaði þar sem kaupin fara fram. Til að útgefanda séu heimil slík kaup þarf hann að birta almenningi ítarlega lýsingu á áætluninni. Landsbankinn tilkynnti aldrei um slíka endurkaupaáætlun. Takmarkanir á hlutfalli daglegra kaupa á eigin hlutabréfum samkvæmt tilkynntum endurkaupaáætlunum gefa sterka vísbendingu um að kaup EFL á eigin hlutabréfum Landsbankans, sem markaðurinn var aldrei upplýstur sérstaklega um, hafi verið svo óhófleg að þau hljóti að fela í sér markaðsmisnotkun.

### *6.1.3 Markaðsmisnotkun við opnun og lokun markaðar*

Opunar- og lokunarverð skráðra fjármálagerninga ráðast að jafnaði í svokölluðum opunar- og lokunaruppboðum. Ein eða örfá viðskipti eða tilboð geta ráðið verði viðkomandi hlutabréfs þegar markaðir opna eða loka tiltekinn viðskiptadag. Þar sem tiltölulega lítil viðskipti eiga sér að jafnaði stað í opunar- og lokunaruppboðum er unnt að hafa mikil áhrif á verðmyndun hlutabréfa með tiltölulega litlum tilkostnaði. Vegna þessa þykja mikil viðskipti útgefanda með eigin hlutabréf í opunar- og lokunaruppboðum sérstaklega tortryggileg með tilliti til markaðsmisnotkunar.

Lokunaruppboð eru sérstaklega þýðingarmikil hvað varðar verðmyndun hlutabréfa þar sem algengt er að miða við dagslokaverð hlutabréfa í forsendum ýmiss konar viðskiptalegra útreikninga og ákvarðanatöku. Þróun dagslokaverðs getur einnig haft mikla þýðingu fyrir fjárfestingarákvarðanir almennra fjárfesta. Auk þess taka margir afleiddir fjármálagerningar mið

af dagslokaverði og sama máli gegnir um bónusgreiðslur og kauprétti starfsmanna og stjórnenda útgefenda hlutabréfa. Til viðbótar framangreindu má nefna að dagslokaverð útgefenda hlutabréfa skiptir miklu máli í árshlutareikningum, ársreikningum og reikningsskilum fyrirtækja. Mikilvægi opunarverðs felst fyrst og fremst í þeim áhrifum sem gengi hlutabréfa við opnun markaðar getur haft á þróun gengis yfir daginn.

Með hlutfallslega miklum kaupum EFL á hlutabréfum í Landsbankanum í opunar- og lokunaruppboðum á tímabilinu mynduðu ákærðu gólf í verðmyndun á hlutabréfum í Landsbankanum og höfðu þannig áhrif á opunar- og lokaverð hlutabréfanna. Umrædd háttsemi var liður í þeirri heildarháttsemi ákærðu að koma ýmist í veg fyrir eða hægja á lækkun á verði hlutabréfa í Landsbankanum. Því til stuðnings er í fyrsta lagi vísað til b-liðar 7. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skulu kaup eða sala fjármálagerninga við lokun markaðar, sem er misvísandi gagnvart fjárfestum sem taka ákvarðanir á grundvelli lokaverðs, teljast til markaðsmisnotkunar. Í öðru lagi er vísað til g-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess að hve miklu leyti tilboð eða viðskipti eru framkvæmd á eða nálægt þeim tíma sem verðútreikningar eru framkvæmdir, s.s. vegna markaðsverðmætis eða verðmyndunar og hafa í för með sér verðbreytingar sem geta haft áhrif á slíka útreikninga eða verðmat. Að lokum er vísað til a-liðar ákvæðis 4.12 fyrrnefndra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04/505b undir fyrirsögninni *tryggja verð* þar sem tekið er dæmi um markaðsmisnotkun við lokun markaðar. Samkvæmt ákvæðinu felur háttsemin í sér vísvitandi kaup eða sölu verðbréfa við lokun markaðar til að breyta lokaverði viðkomandi verðbréfs. Í ákvæðinu kemur fram að viðskipti af þessum toga séu einkum líkleg til að eiga sér stað við lok uppgjörstímabila.

Af þeim 164 viðskiptadögum sem viðskipti með hlutabréf í Landsbankanum fóru fram í lokunaruppboðum á tímabilinu voru nettó kaup EFL meira en 50% af heildarveltunni í lokunaruppboðum 93 viðskiptadaga (56,7%) og EFL voru einu kaupendur hlutabréfa í lokunaruppboðum 64 viðskiptadaga (39%). Á tímabilinu námu nettó kaup EFL á hlutabréfum í Landsbankanum í lokunaruppboðum 63% af heildarveltunni í lokunaruppboðum. Nettó kaup EFL voru allt frá því að vera 30% af heildarveltunni í nóvember 2007 og upp í 77% í september 2008 og 82% fyrstu þrjá daga októbermánaðar 2008. EFL keyptu einnig töluvert magn eigin hlutabréfa síðustu mínúturnar fyrir lokunaruppboðin á tímabilinu. Að meðaltali námu nettó kaup EFL 56% af heildarveltunni á síðustu 20 mínútunum fyrir lokunaruppboð dag hvern.

Háttsemi ákærðu rétt fyrir lokunaruppboð og í lokunaruppboðunum sjálfum samræmist þeirri lýsingu á markaðsmisnotkun við lokun markaðaðar sem fram kemur í framangreindum ákvæðum reglugerðar nr. 630/2005 og CESR leiðbeiningarreglna. Háttsemin var til þess fallin að gefa rangar og misvísandi upplýsingar um raunverulega eftirspurn eftir hlutabréfum í Landsbankanum og verðmyndun á hlutabréfunum og er til marks um einbeittan vilja ákærðu til að hafa óeðlileg áhrif á verðið og handstýra því í raun. Sömu röksemdir eiga við um háttsemi ákærðu í opunaruppboðum með hlutabréf í Landsbankanum á tímabilinu, en nettó kaup EFL námu 46% af heildarveltunni í opunaruppboðum.

Nettó kaup EFL í opunar- og lokunaruppboðum einstaka daga voru svo hátt hlutfall af heildarveltu uppboðanna að líta verður á háttsemi ákærðu hvern þessara daga sem sjálfstætt markaðsmisnotkunarbrot.

### **6.2 Háttsemi ákærðu var hvorki liður í framkvæmd endurkaupaáætlunar né verðjöfnunar**

Samkvæmt 1. tölulið 3. mgr. 115. gr. vvl. á ákvæði 117. gr. vvl. um markaðsmisnotkun ekki við þegar um er að ræða viðskipti með eigin hluti í endurkaupaáætlun eða við verðjöfnun fjármálagerninga, enda hafi viðskiptin farið fram í samræmi við reglugerð sem sett er á grundvelli 118. gr. vvl. Fjallað er um viðskipti með eigin bréf í endurkaupaáætlunum og verðjöfnun fjármálagerninga í viðauka reglugerðar nr. 630/2005. Fyrir liggur að háttsemi ákærðu, sem fjallað er um í kafla I í ákæru, var ekki liður í framkvæmd endurkaupaáætlunar eða verðjöfnunar enda tilkynnti Landsbankinn aldrei slík áform og skilyrði reglugerðar um endurkaupaáætlanir og verðjöfnun voru að engu leyti uppfyllt.

### **6.3 Landsbankinn var ekki viðskiptavaki í eigin hlutabréfum**

Landsbankinn hvorki var né gat með réttu verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum. Háttsemi ákærðu eins og henni er lýst í kafla I í ákæru hafði engin einkenni viðskiptavaktar og slík háttsemi hefði ekki getað talist viðskiptavakt í skilningi 116. gr. vvl. Þótt annar aðili en útgefandi hlutabréfanna hefði átt í hlut.

Fjallað er um viðskiptavakt í 116. gr. vvl., en samkvæmt 1. mgr. ákvæðisins getur fjármálafyrirtæki sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta með samningi við útgefanda fjármálagerninga skuldbundið sig til að vera viðskiptavaki, þ.e. kaupa og selja fyrir eigin reikning eða reikning útgefanda tiltekinna fjármálagerninga, í því skyni að greiða fyrir að markaðsverð skapist á þeim. Í 4. mgr. sama ákvæðis segir að geri fjármálafyrirtæki viðskiptavakasamning um viðskipti fyrir reikning útgefanda skuli tryggt að útgefanda sé ekki unnt að hafa áhrif á ákvarðanir um viðskipti á grundvelli samningsins. Í athugasemdum við 40. gr. frumvarps er varð að lögum nr. 33/2003 um verðbréfavíðskipti, sem svarar til 116. gr. vvl., segir að þannig sé tryggt að fjármálafyrirtæki taki í öllum tilvikum sjálfstæðar ákvarðanir um viðskiptin. Af framangreindu má ráða að útilokað er að útgefandi fjármálagernings geti verið viðskiptavaki í eigin hlutabréfum enda myndi slíkt fyrirkomulag augljóslega skapa hagsmunaárekstra og auka hættuna á markaðsmisnotkun.

Samkvæmt 2. mgr. 116. gr. vvl. skal viðskiptavaki tilkynna um samning samkvæmt 1. mgr. til skipulegs verðbréfamarkaðar þar sem viðkomandi fjármálagerningar hafa verið teknir til víðskipta og skal tilkynningin m.a. kveða á um lágmarksfjárhæð kaup- og sölutilboða, hámarksfjárhæð heildarviðskipta dag hvern og hámarksmun á kaup- og sölutilboðum. Samkvæmt upplýsingum frá Kauphöllinni voru Kaupþing og Straumur skráðir viðskiptavakar í hlutabréfum í Landsbankanum.

Samkvæmt 3. mgr. 116. gr. vvl. skal viðskiptavaki dag hvern setja fram kaup- og sölutilboð í viðskiptakerfi skipulegs verðbréfamarkaðar áður en markaðurinn er opnaður. Verði tilboði viðskiptavaka tekið eða það felld niður af hans hálfu skal hann setja fram nýtt tilboð eins fljótt og mögulegt er þar til hámarksfjárhæð víðskipta fyrir hvern dag hefur verið náð. Háttsemi ákærðu, þ.e. umrædd kaup EFL á eigin hlutabréfum í sjálfvirkum pörunarvíðskiptum á tímabilinu, getur ekki talist víðskiptavakt, sbr. framangreint ákvæði vvl. EFL tóku stórar stöður í hlutabréfum í Landsbankanum en víðskiptavakar leitast almennt við að mynda tvær hliðar á markaðnum. EFL settu jafnframt fram margfalt fleiri kautilboð en sölutilboð í hlutabréf í Landsbankanum. Víðskiptavaki myndi hins vegar leitast við að aðlaga tilboð sín þar til jafnvægi hefur náðst og



Það magn bréfa sem hann kaupir ætti að vera nokkurn veginn til jafns við það magn sem hann selur. Eins og áður greinir voru EFL nettó kaupandi að hlutabréfum í Landsbankanum í hverjum mánuði á tímabilinu og hegðun ákærðu því í engu samræmi við hegðun viðskiptavaka. Til samantýðingar er bent á að Kaupþing, sem var skráður viðskiptavaki í hlutabréfum í Landsbankanum, var nettó seljandi að hlutabréfum í Landsbankanum á tímabilinu.

Umfang viðskipta með tiltekin hlutabréf, þ.e.a.s. dýpt markaðarins, er til marks um það hversu mikill seljanleiki þeirra er. Ljóst er að seljanleiki hlutabréfa er eitt þeirra atriða sem hefur mikil áhrif á verðmyndun bréfanna þar sem mikilvægt getur verið fyrir eigendur hlutabréfa að geta selt jafnvel umtalsvert magn hlutabréfa á skömmum tíma án þess að það hafi veruleg áhrif til lækkunar á verði þeirra.

Líta verður svo á að útgefanda hlutabréfa sé með öllu óheimilt að auka seljanleika og dýpt í viðskiptum með eigin hlutabréf með öðrum hætti en með samningi við fjármálafyrirtæki um viðskiptavakt að uppfylltum ströngum skilyrðum 116. gr. vvl. Landsbankinn var ekki viðskiptavaki í eigin hlutabréfum og sú háttsemi ákærðu að tryggja stöðuga eftirspurn eftir hlutabréfunum og þar með seljanleika þeirra hafði þannig ekki lögmætan tilgang. Þar sem háttsemi ákærðu hafði ekki einkenni viðskiptavaktar heldur myndunar verðgólfs fól hún í sér markaðsmisnotkun enda voru tilboðin og viðskiptin líkleg til að gefa eftirspurn og verð hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna og voru að auki til þess fallin að tryggja óeðlilegt verð eða búa til verð á hlutabréfunum.

## **7. Röksemdir sem varða kafla II a í ákæru**

Í kafla II a í ákæru eru ákærðu Sigurjóni og Sigríði Elínu gefin að sök umboðssvik við lánveitingu til Imon ehf.

Af orðalagi 249. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og íslenskri dómaframkvæmd leiðir að til þess að háttsemi geti talist fela í sér umboðssvik þurfi hún að uppfylla þrjú hlutlæg skilyrði. Þannig þarf gerandi, eða einhver geranda ef um samverknað er að ræða, að vera í aðstöðu til að skuldbinda annan aðila, hann þarf að misnota þá aðstöðu og loks þarf háttsemin að hafa í för með sér tjón eða að minnsta kosti verulega fjártjónshættu.

### **7.1. Aðstaða til að skuldbinda Landsbankann**

Óumdeilt er að ákærði Sigurjón var í aðstöðu til að skuldbinda Landsbankann, enda gegndi hann starfi bankastjóra og gat í krafti stöðu sinnar skuldbundið hann, sbr. 21. gr. samþykktu fyrir Landsbankann og 2. mgr. 74. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 en staða hans jafngildir stöðu framkvæmdastjóra í skilningi laga um hlutafélög. Ákærða Sigríður Elín var framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs Landsbankans og meðlimur lánanefndar, en samkvæmt 16. gr. útlánareglna bankans gat framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs tekið ákvörðun um útlán milli funda lánanefndar ásamt öðrum bankastjóranum, að ákveðnum skilyrðum uppfylltum. Ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín notfærðu sér þessa aðstöðu þegar þau samþykktu að veita félaginu Imon ehf. lán að fjárhæð 5.163.000.000 króna.

## 7.2. Misnotkun aðstöðu

Við mat á því hvort skilyrðið um misnotkun aðstöðu sé uppfyllt verður að líta til þess hvort ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín höfðu heimild til að skuldbinda Landsbankann með þeim hætti sem þau gerðu. Þótt óumdeilt sé að þau hafi haft umboð til að skuldbinda bankann gagnvart þriðja manni og þannig aðstöðu til að veita lánið, skorti ákærðu heimild gagnvart Landsbankanum til lánveitingarinnar. Byggt er á eftirfarandi atriðum til stuðnings því að ákærðu hafi misnotað aðstöðu sína:

- a) Samkvæmt útlánareglum Landsbankans frá árinu 2008, skorti ákærðu Sigurjón og Sigríði Elínu heimild til að samþykkja þá lánveitingu sem hér er til umfjöllunar. Samkvæmt grein 13.5.13 var hámarksveðsetningarhlutfall í skráðum innlendum hlutabréfum á aðallista kauphallar 50% af markaðsverði, þ.e.a.s. verðmæti hinnar veðsettu eignar varð að vera a.m.k. tvöfalt hærra en fjárhæð lánsins. Sé tekið mið af kaupverði og fjölda hinna keyptu hluta í Landsbankanum er ljóst að óheimilt var samkvæmt þessari útlánareglu að meta hina veðsettu hluti í Landsbankanum á hærra verði en 2.575.000.000 króna, þ.e.a.s. 50% af verðmæti hlutabréfanna, sem tryggingu fyrir umræddri 5.163.000.000 króna lánveitingu. Sé tekið mið af endurmatstuðli, gengi og fjölda hluta sem Imon ehf. veðsetti Landsbankanum í Byr sparisjóði er ljóst að ekki mátti meta stofnfjárbréfin í Byr, sem voru að verðmæti 4.250.729.973 krónur, á hærra verði en 1.275.218.991 krónu sem tryggingu fyrir lánveitingum hjá bankanum, miðað við 30% hámarksveðsetningarhlutfall. Landsbankinn hafði þegar tekið umrædd stofnfjárbréf í Byr að veði til tryggingar 3.829.000.000 króna lánveitingu og var því langt í frá að tryggingaverðmæti stofnfjárbréfanna rúmaði frekari veðsetningu þeirra og stofnfjárbréfin því haldlaus sem trygging fyrir lánveitingunni til Imon ehf. 30. september 2008. Eftir lánveitinguna námu heildarskuldbindingar Imon ehf. við Landsbankann 8.992.000.000 króna, en samanlagt verðmæti trygginga Imon ehf. gat í mesta lagi numið 3.850.218.991 krónu, samkvæmt útlánareglum bankans. Samkvæmt grein 17.6 í útlánareglum bankans skyldi lánsákvörðun vera skrifleg og allar ákvarðanir um lánveitingar staðfestar á lánsbeiðni með áritun þeirra sem fóru með útlánaheimildina í hverju tilviki. Samkvæmt 18. gr. þeirra skyldi formlega samþykkt lánsbeiðni liggja fyrir við gerð láns skjala. Í 19. gr. sagði síðan að óheimilt væri að ráðstafa andvirði lána fyrr en undirrituð frumrit láns skjala hefði borist bankanum. Fyrir liggur að 3. október 2008 var búið að ganga frá öllum láns skjölum og var lánsfjárhæðinni ráðstafað þann dag. Ljóst er því að framangreindar reglur voru brotnar við lánveitingu til Imon ehf., þar sem ákærða Sigríður Elín undirritaði samþykki fyrir lánveitingunni til Imon ehf. á ákvörðunarblað um lánveitingu 3. október 2008 en ákærði Sigurjón ritaði ekki samþykki sitt fyrr en eftir fall bankans, 8. október 2008. Samkvæmt grein 16.4 var framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs heimilt að samþykkja lánsfjárhæðir allt að 400.000.000 króna á milli funda lánanefndar í þeim tilgangi að flýta fyrir afgreiðslu mála, en heimilt var að afgreiða hærri fjárhæðir milli funda að höfðu samráði við bankastjóra, enda væru ákvarðanir staðfestar á næsta fundi. Samkvæmt grein 16.3 þurftu báðir bankastjórar að undirrita utanfundarsamþykkt til að hún öðlaðist gildi. Í fjarveru annars bankastjóra nægði þó að bankastjóri, framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og staðgengill bankastjóra undirrituðu ákvörðunina, en í fjarveru eins bankastjóra og staðgengils hans nægði undirritun bankastjóra og framkvæmdastjóra fyrirtækjasviðs. Ljóst er að framangreindar reglur voru brotnar við lánveitinguna þar sem lánveitingin var hvorki borin undir Halldór J. Kristjánsson, bankastjóra, né Brynjólf Helgason, staðgengil hans, sem heyrðu fyrst af lánveitingunni eftir fall bankans en ekki er vitað til þess að þeir hafi verið fjarverandi á þessum tíma.

- b) Almennar útlána- og áhættureglur bankaráðs Landsbankans voru samþykktar 2. nóvember 2005. Reglurnar voru settar að undirlagi bankastjóra Landsbankans á þeim tíma, ákærða Sigurjóns og Halldórs J. Kristjánssonar. Í 2. gr. reglanna var vikið að útlánaáhættu bankans, en þar sagði meðal annars að við útlánaákvörðanir og áhættutökur skyldi bankastjórn sjá til þess að hagsmuna bankans væri ætíð gætt og fjárhagstaða hans treyst. Í sömu grein sagði jafnframt að almennt skyldu öll útlán bankans vera vel tryggð, ýmist með formlegum tryggingum eða haldi á greiðsluflæði og við ákvörðanir sínar skyldi bankastjórn hafa hliðsjón af stöðu og horfum í efnahags- og atvinnulífi. Engum af framangreindum meginreglum var fylgt við umrædda lánveitingu til Imon ehf.
- c) Starfsreglur bankaráðs Landsbankans voru samþykktar á bankaráðsfundi 29. júlí 2004 og voru í gildi þegar lánið var veitt. Samkvæmt 8. gr. reglnanna bar bankastjórn ábyrgð á daglegum rekstri bankans en hinn daglegi rekstur tók hins vegar ekki til óvenjulegra eða mikils háttar ráðstafana. Til slíkra ráðstafana gat bankastjórn aðeins gripið samkvæmt sérstakri heimild bankaráðs, nema ekki væri unnt að bíða ákvörðunar þess án verulegs óhagræðis fyrir bankann. Í þeim tilvikum skyldi bankaráði hins vegar tafarlaust tilkynnt um ráðstöfunina. Í 9. gr. reglnanna var sú regla ítrekuð að bankaráð annaðist óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir. Samkvæmt 2. mgr. 68. gr. laga um hlutafélög nr. 2/1995 annast framkvæmdastjóri hlutafélags daglegan rekstur þess, en óvenjulegar eða mikils háttar ráðstafanir getur framkvæmdastjóri aðeins gert samkvæmt sérstakri heimild frá félagsstjórn. Samkvæmt framangreindum starfsreglum og ákvæði 2. mgr. 68. gr. bar ákærðu Sigurjóni og Sigríði Elínu að bera ákvörðun um lánveitingu til Imon ehf. undir bankaráð Landsbankans í ljósi upphæðar og tímasetningar lánveitingarinnar og þess að viðskiptalegur tilgangur hennar var óljós og tryggingar fyrir greiðslu lánsins langt undir þeim mörkum sem ákvörðuð voru í útlánareglum bankans.

### **7.3. Veruleg fjártjónshætta**

Loks er byggt á því að veruleg fjártjónshætta hafi falist í lánveitingunni til Imon ehf., sem veitt var í andstöðu við ákvæði laga og innri reglna Landsbankans, en félagið hafði verið í vanskilum við bankann í tvo mánuði áður en til lánveitingarinnar kom. Tilgangur þeirra reglna sem hér hefur verið vísað til er fyrst og fremst sá að takmarka fjártjónshættu bankans vegna útlána og fela reglurnar í sér viðmið um það hvað telst ásættanleg áhætta við útlán. Brot á þessum reglum af hálfu ákærðu eru því til marks um að fjártjónshætta af lánveitingunni hafi verið mun meiri en almennt þykir ásættanlegt í rekstri fjármálafyrirtækis.

Imon ehf. var einkahlutafélag með takmarkaðri ábyrgð sem hafði ekki reglulegt fjárstreymi og ekkert tilefni var til þess að ætla að félagið gæti endurgreitt lánið af tekjum sínum eða að eignir þess gætu staðið til fullnustu skuldbindingarinnar. Um gríðarlega háa lánveitingu var að ræða á mjög viðsjárverðum tímum, án fullnægjandi trygginga fyrir endurgreiðslu og fjártjónshættan því mun meiri en ásættanlegt var, jafnvel þótt einungis lítill hluti kröfunnar myndi tapast. Eins og að framan er rakið var veðþekja Landsbankans við lánveitinguna ófullnægjandi og mun lægri en kveðið er á um í útlánareglum bankans. Þegar af þeirri ástæðu skapaðist veruleg fjártjónshætta við lánveitinguna, enda mátti virði undirliggjandi eigna Imon ehf. ekkert lækka til að bankinn yrði fyrir fjártjóni. Þá er bent á að gengi þeirra hlutabréfa sem sett voru að veði hefðu þurft að hækka töluvert til að halda í við hinn mikla vaxtakostnað sem safnaðist upp frá fyrsta degi og að

með lánveitingunni var Imon ehf. jafnframt lánað fyrir lántökugjaldinu. Þegar lánið var veitt hafði verðmæti hinna veðsettu hlutabréfa þegar lækkað svo að Landsbankinn hafði þá þegar heimild til að gjaldfella lánasamninginn og ganga að hinum veðsettu hlutum, sbr. umfjöllun í röksemdum fyrir kafla II b.

Öll framangreind atriði hljóta að hafa áhrif við mat á því hvort veruleg fjártjónshætta hafi verið til staðar, sbr. t.d. Hrd. 1996, bls. 1199 og Hrd. 7. júní 2012 í máli nr. 442/2011.

Eftir fall Landsbankans 8. október 2008 komu þeir einstaklingar sem áður höfðu átt sæti í lánanefnd bankans saman og fóru yfir lánamál sem afgreidd höfðu verið á milli funda. Á þeim fundi var Halldóri J. Kristjánssyni fyrst kynnt umrædd lánveiting. Þar sem þeir sem áður höfðu skipað lánanefnd bankans voru umboðslausir á fundinum 8. október 2008 gátu þeir ekki veitt eftirfarandi samþykki sitt fyrir þeim lánveitingum sem afgreiddar höfðu verið milli funda.

Ákærði Sigurjón var annar bankastjóranna og ákærða Sigríður Elín framkvæmdastjóri fyrirtækjasviðs og þekktu þau því eða hlutu að þekkja útlánareglur bankans og aðrar starfsreglur bankans í þaula. Þar sem þeim var jafnframt kunnugt um stöðu Imon ehf., form lánveitingarinnar og skort á tryggingum fyrir endurgreiðslu lánsins hlaut þeim að vera ljós sú verulega fjártjónshætta sem fólst í lánveitingunni.

## **8. Röksemdir sem varða kafla II b í ákæru**

Í kafla II b í ákæru er ákærðu Sigurjóni og Sigríði Elínu gefin að sök markaðsmisnotkun við sölu Landsbankans á 250.000.000 hluta í Landsbankanum 30. september 2008 með því að hafa látið ranglega líta svo út að Imon ehf. hefði lagt fé til að kaupa 2,23% útgefins hlutfjár í Landsbankanum og borið fulla markaðsáhættu af hlutabréfunum. Byggt er á því að framangreind viðskipti hafi gefið eða verið líkleg til að gefa eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna, sbr. a-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl. og falið í sér blekkingu og sýndarmennsku, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 117. gr. vvl. Því til stuðnings er bent á eftirfarandi atriði:

Í tengslum við kaup Imon ehf. á 250.000.000 hluta í Landsbankanum 30. september 2008 samþykktu ákærðu Sigurjón og Sigríður Elín lánsbeiðni Imon ehf. og tóku ákvörðun um að veita félaginu lán að fjárhæð 5.163.000.000 króna. Á ákvörðunarblaði vegna lánveitingarinnar er skuldastaða Imon ehf. tilgreind fyrir og eftir kaupin sem og veðsetningarhlutfall þeirra hlutabréfa og stofnfjárhluta sem sett höfðu verið til tryggingarskuldbindingum félagsins. Hlutabréfaviðskiptin sjálf fóru fram 30. september 2008 en samkvæmt kvittunum til Landsbankans og Imon ehf. voru umrædd bréf keypt af EFL þann dag kl. 17:07 á genginu 20,5382 krónur á hlut og seld til Imon ehf. kl. 17:31 á genginu 20,6 krónur á hlut. Uppgjörsdagur beggja viðskiptanna var 3. október 2008. Viðskiptin voru tilkynnt til Kauphallarinnar 1. október 2008 kl. 10:27 sem utanþingsviðskipti.

Eins og fram kemur í kafla I í ákæru ollu óhófleg kaup EFL á eigin hlutabréfum í Landsbankanum, í þeim tilgangi að koma í veg fyrir eða hægja á lækkun hlutabréfanna, því að Landsbankinn átti yfirleitt mikið magn eigin hlutabréfa. Mánudaginn 29. september 2008, sama dag og tilkynnt var um að ríkið yrði eigandi að 75% eignarhlut í Glitni, jókst söluprýstingur á hlutabréf í Landsbankanum verulega. Þessum söluprýstingi mætti EFL með nettó kaupum á

samtals 271.695.724 hlutum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í Kauphöllinni dagana 29. og 30. september 2008 eða sem nam 2,4% af útgefnu hlutafé Landsbankans. Umrædd sala verðbréfamíðlunar bankans á hlutafé til Imon ehf. var liður í að losa bankann við þessa hlutafjáreign svo EFL gæti haldið áfram umfangsmiklum kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum.

Enn fremur er byggt á því að þar sem kaup Imon ehf. á hlutabréfunum hafi að fullu verið fjármögnuð af Landsbankanum sjálfum og tryggingar fyrir endurgreiðslu með öllu ófullnægjandi hafi engin breyting orðið á markaðsáhættu vegna umræddra hluta í Landsbankanum við sölu þeirra til Imon ehf. Hin tilkynntu viðskipti hafi þannig gefið eða verið líkleg til að gefa eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna. Því til stuðnings er vísað til a-liðar ákvæðis 4.11 fyrrnefndra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04/505b undir fyrirsögninni „*röng/misvísandi viðskipti eða tilboð*“ þar sem tekið er m.a. eftirfarandi dæmi: „*Þessi háttsemi felur í sér samkomulag um kaup eða sölu á fjármálagerningi þar sem engin breyting verður á raunverulegum hagsmunum eða markaðsáhættu [...]*“. Háttsemi ákærðu, eins og henni er lýst í kafla II b í ákæru, fellur vel að framangreindri lýsingu. Þegar bréfin voru seld Imon ehf. voru viðskiptin að fullu fjármögnuð af Landsbankanum og tryggingar voru svo takmarkaðar að áhættan af verðlækkun hlutabréfanna hvíldi á Landsbankanum. Í lánasamningi Landsbankans og Imon ehf., sem var grundvallarforsenda hlutabréfaviðskiptanna, var að finna gjaldfellingarheimild ef eftirstöðvar þeirra skulda sem handveð í hlutabréfum í Landsbankanum átti að tryggja næmi hærra hlutfalli en 98% af markaðsverðmæti hinna veðsettu hlutabréfa. Þegar umrædd hlutabréfaviðskipti voru framkvæmd nam þetta hlutfall 101,24% og Landsbankinn hafði því þá þegar heimild til að gjaldfella lánasamninginn og ganga að hinum veðsettu hlutum. Á uppgjörsgæði viðskiptanna, 3. október 2008, nam þetta hlutfall 104,4%.

Í ljósi þess hvernig staðið var að þessum stærstu viðskiptum ársins með hlutabréf í Landsbankanum gátu þau með engum hætti gefið eftirspurn eða verið hlutabréfanna til kynna með réttum hætti. Í þessu samhengi er vísað til a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar kemur fram að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess hversu stórt hlutfall viðskiptin eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings. Dagleg meðalvelta með hlutabréf í Landsbankanum var samtals (í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og utanþingsviðskiptum) á því tímabili sem ákæra tekur til 42.513.636 hlutir og umrædd viðskipti því tæplega sexföld dagleg velta. Um var að ræða stærstu viðskipti með hluti í Landsbankanum allt árið 2008 og í kjölfar viðskiptanna varð Imon ehf. tíundi stærsti hluthafi í Landsbankanum, sem á þeim tíma var næststærsta félag sem skráð var í Kauphöllinni. Þykir umrætt reglugerðarákvæði því styrkja heimfærslu háttseminnar undir a-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl.

Að því er varðar heimfærslu háttsemi ákærðu undir 2. tölulið 1. mgr. 117. gr. vvl. sérstaklega má skýra hugtakið blekking til samræmis við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um fjárvik. Blekkingin felst í því að vekja eða styrkja hugmynd sem ekki á sér stoð í raunveruleikanum. Á þetta vel við um þá háttsemi sem ákærðu er gefin að sök. Umrædd hlutabréfaviðskipti, sem tilkynnt var um á viðsjárverðum tímum á hlutabréfamarkaði, gáfu röng og misvísandi skilaboð um eðli viðskiptanna og báru öll einkenni blekkingar og sýndarmennsku.

## 9. Röksemdir sem varða kafla III og IV í ákæru

Í köflum III og IV í ákæru er ákærðu Sigurjóni og Steinþóri gefin að sök markaðsmisnotkun við sölu Landsbankans annars vegar á 200.000.000 hluta og hins vegar 199.000.000 hluta í Landsbankanum 3. október 2008 með því að hafa staðið þannig að viðskiptunum og tilkynningu þeirra til Kauphallar að ranglega var látið líta svo út að annars vegar Imon ehf. og hins vegar Azalea Resources Ltd. hefðu lagt fé til kaupa á stórum eignarhlutum í Landsbankanum og borið fulla markaðsáhættu af viðskiptunum en staðreyndin var sú að ekki hafði verið gengið frá fjármögnun hlutabréfakaupanna. Byggt er á því að framangreind viðskipti hafi gefið eða verið líkleg til að gefa eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega og misvísandi til kynna, sbr. a-lið 1. töluliðar 1. mgr. 117. gr. vvl. og falið í sér blekkingu og sýndarmennsku, sbr. 2. tölulið 1. mgr. 117. gr. vvl. Því til stuðnings er bent á eftirfarandi atriði:

Samkvæmt viðskiptakvittunum sem Landsbankinn gaf út í tengslum við viðskiptin skv. kafla III í ákæru fóru þau fram með þeim hætti að 3. október 2008 kl. 16:04 keypti miðlun 115.000.000 hluti af EFL á genginu 19,09255 og kl. 16:16 keypti miðlun 85.000.000 hluti til viðbótar á genginu 18,99285 af EFL. Klukkan 16:17 seldi Landsbankinn síðan Imon ehf. 200.000.000 hluti á genginu 19,11 og var uppgjörsdagur viðskiptanna fyrirhugaður 8. október 2008. Viðskiptin voru tilkynnt sama dag í þrennu lagi til Kauphallarinnar sem utanþingsviðskipti. Klukkan 12:01 voru tvenn viðskipti skráð annars vegar með 65.000.000 hluta og hins vegar 50.000.000 hluta á genginu 19,15. Síðar um daginn, klukkan 17:05, voru skráð viðskipti með 85.000.000 hluta á genginu 19,05. Ákærði Steinþór var í öllum tilvikum skráður miðlari viðskiptanna. Tímasetningar viðskiptanna samkvæmt viðskiptakvittunum og tilkynningum til Kauphallarinnar eru ekki þær sömu, en ljóst er að um sömu viðskipti er að ræða.

Samkvæmt viðskiptakvittunum sem Landsbankinn gaf út í tengslum við viðskiptin skv. kafla IV í ákæru fóru þau fram með þeim hætti að 3. október 2008 kl. 16:01 keypti miðlun 199.000.000 hluti í Landsbankanum af EFL á genginu 19,00 og kl. 16:02 seldi Landsbankinn Azalea Resources Ltd. 199.000.000 hluti á sama gengi og var uppgjörsdagur viðskiptanna fyrirhugaður 8. október 2008. Klukkan 16:54 voru viðskiptin tilkynnt til Kauphallarinnar sem utanþingsviðskipti. Ákærði Steinþór var í öllum tilvikum skráður miðlari viðskiptanna.

Dagana 1., 2. og 3. október 2008 var mjög mikill söluprýstingur á hlutabréf í Landsbankanum í Kauphöllinni. Þessum söluprýstingi mætti EFL með nettó kaupum á samtals 414.393.703 hlutum í Landsbankanum í sjálfvirkum pörunarviðskiptum í Kauphöllinni eða sem nam 3,7% af útgefnu hlutafé Landsbankans. Sala á 200.000.000 hluta í Landsbankanum til Imon ehf. og 199.000.000 hluta til Azalea Resources Ltd. var liður í að losa bankann við þessi hlutabréf í því skyni að EFL gæti haldið uppi verði hlutabréfanna með umfangsmiklum kaupum á hlutabréfum í Landsbankanum.

Enn fremur er byggt á því að engin breyting hafi orðið á markaðsáhættu á umræddum hlutum í Landsbankanum í viðskiptunum sem hafi af þeim sökum gefið eða verið líkleg til að gefa eftirspurn hlutabréfa í Landsbankanum ranglega eða misvísandi til kynna. Því til stuðnings er vísað til a-liðar ákvæðis 4.11 fyrrnefndra CESR leiðbeiningarreglna nr. 04/505b, sbr. umfjöllun í kafla 8 í röksemdum. Í tengslum við viðskipti Imon ehf. voru útbúin drög að lánasamningi milli Landsbankans og Imon ehf. sem voru óundirrituð þegar viðskiptin voru tilkynnt. Í tilviki Azalea

Resources Ltd. hafði fyrirvarsmaður félagsins undirritað lánsamning í tengslum við kaupin, en samningurinn hafði ekki verið undirritaður af þar til bærum starfsmönnum bankans og lánsbeiðni fyrir félagið hafði ekki verið útbúin. Er því ljóst að þegar umrædd viðskipti voru tilkynnt til Kauphallarinnar höfðu þar til bærir starfsmenn Landsbankans hvorki tekið fjármögnun viðskiptanna til formlegrar umfjöllunar né skuldbundið bankann á nokkurn hátt til að veita Imon ehf. og Azalea Resources Ltd. lán til að fjármagna viðskiptin. Af framangreindu má ljóst vera að þegar viðskiptin voru tilkynnt til Kauphallarinnar hafði engin breyting orðið á markaðsáhættu vegna hinna seldu bréfa.

Í ljósi þess hvernig staðið var að þessum viðskiptum með hlutabréf í Landsbankanum gátu þau með engum hætti gefið eftirspurn eða verið hlutabréfanna til kynna með réttum hætti. Í þessu samhengi er vísað til a-liðar 8. gr. reglugerðar nr. 630/2005, en þar segir að við mat á því hvort um markaðsmisnotkun sé að ræða skuli m.a. horft til þess hversu stórt hlutfall viðskiptin eru af daglegri meðalveltu viðkomandi fjármálagernings. Dagleg meðalvelta með hlutabréf í Landsbankanum var samtals (í sjálfvirkum pörunarviðskiptum og utanþingsviðskiptum) á því tímabili sem ákæra tekur til 42.513.636 hlutir og þau viðskipti sem ákært er fyrir í köflum III og IV í ákæru voru því hvor um sig tæplega fimmföld dagleg velta. Um var að ræða þriðju og fjórðu stærstu viðskipti með hluti í Landsbankanum allt árið 2008 og í kjölfar viðskiptanna og þeirra viðskipta sem rakin eru í kafla II b í ákæru varð Imon ehf. þriðji stærsti hluthafi í Landsbankanum.

Að því er varðar heimfærslu háttsemi ákærðu undir 2. tölulið 1. mgr. 117. gr. vvl. sérstaklega má skýra hugtakið blekking til samræmis við 248. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 um fjársvik. Blekkingin felst í því að vekja eða styrkja hugmynd sem ekki á sér stoð í raunveruleikanum. Á þetta vel við um þá háttsemi sem ákærðu er gefin að sök. Viðskiptin voru tilkynnt til Kauphallarinnar þótt þar til bærir starfsmenn Landsbankans hefðu ekki tekið fjármögnun viðskiptanna til formlegrar umfjöllunar og þaðan af síður skuldbundið bankann til að veita lánið. Umrædd hlutabréfaviðskipti, sem tilkynnt var um á viðsjárverðum tímum á hlutabréfamarkaði, gáfu því röng og misvísandi skilaboð um eðli viðskiptanna og báru öll einkenni blekkingar og sýndarmennsku.

Skrifstofa embættis sérstaks saksóknara samkvæmt lögum nr. 135/2008,  
Reykjavík, 15. mars 2013,

Arnprúður Þórarinsdóttir

Arnprúður Þórarinsdóttir, saksóknari

